

Rjúfum einangrun Gaza – niður með múrinn!

Enn eitt slæmt árið í sögu palestínsku þjóðarinnar líður senn á enda og þörf er á einbeitti til að sjá eitthvað jákvætt og að halda vonarneistanum lifandi.

Í lok síðasta árs, þriðja í jólum, hóf Ísraelsher grimmilegar árásir úr lofti, af landi og af sjó á íbúðabyggðir, skóla, sjúkrahús og aðrar opinberar byggingar. Lokað var fyrir aðgang að neysluvatni og eldsneyti. Auk háþróaðra stýriflauga voru notaðar sprengjur af ýmsum gerðum. Þar á meðal risasprengjur, DIME sprengjur og fosfór-íkveikjusprengjur, sem líkjast napalmi og var þeim meðal annars varpað á skóla. Ísraelsstjórn linnti ekki látunum fyrr en að rúmum þrem vikum liðnum og þá höfðu fleiri en 1400 manns verið drepnir, langflestir óbreyttir borgarar og þar af 414 börn.

Goldstone-skýrslan um stríðsglæpi

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna setti á laggirnar rannsóknarnefnd til að fara ofan í ásakanir um stríðsglæpi Ísraelsstjórnar og hers. Til forystu var valinn dómari frá Suður-Afríku, Richard Goldstone, sem er gyðingur, mikill stuðningsmaður Ísraels og yfirlýstur sionisti. Engu að síður snerist Ísraelsstjórn öndverð gegn rannsókninni og gekk svo langt að neita að hleypa nefndinni inn í landið. Fór þá svo að Goldstone og félagar leituðu til Egyptalands og fengu að fara inn til Gaza í gegnum landamærabæinn Rafah.

Enda þótt viss tortryggni væri til staðar í fyrstu gagnvart Goldstone fór svo að stjórnvöldin á Gaza, undir forystu Hamas-samtakanna, tóku vel á móti nefndinni og veittu henni fulla samvinnu.



Eftir
Svein
Rúnar
Hauksson

Niðurstöður skýrslunnar eru þær að Ísraelsstjórn og her séu sek um stríðsglæpi gegn íbúum Gaza. Vopnuðu andspyrnuhóparnir, þar á meðal þeir sem tengdir eru Fatah og Hamas, eru einnig sakaðir um stríðsglæpi fyrir að hafa beint flaugum sínum að íbúðabyggðum. Alls 13 Ísraelsmenn féllu á þessum þremur vikum, þar af 10 hermenn.

Bandaríkjastjórn vill breiða yfir stríðsglæpi

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna og Allsherjarþingið hafa fjallað um skýrsluna og samþykkt hana og nú mun hún fara fyrir Öryggisráðið. Ætlast er til þess í skýrslunni að Ísraelsstjórn og stjórnvöld á Gaza fylgi henni eftir með því að efna til sjálfstæðra rannsókna á þessum kærumálum. Stjórnvöld á Gaza hafa þegar ákveðið að verða við því, en ísraelska ríkisstjórnin hefur lítið gert annað en að mótmæla hástöfum og byrjuðu raunar á því áður en skýrslan varð til. Bandaríkjastjórn hagar sér eins, og nú hefur Bandaríkjaþing fordæmt skýrsluna!

Fyrirfram má gefa sér að Bandaríkja-stjórn muni beita neitunarvaldi í Öryggisráðinu gegn sérhverri tillögu um afgreiðslu á Goldstone-skýrslunni, einkum og sér í lagi ef slík afgreiðsla felur í sér skuld-

bindingar um aðgerðir. Til greina koma refsiaðgerðir og einnig að draga ábyrga aðila fyrir stríðsglæpadómstól.

Það var ekki uppörvandi að verða vitni að hjásetu Noregs við afgreiðslu málsins hjá Mannréttindaráðinu. Norðmenn vilja greinilega líta á sig sem hlutlausan mála-miðlara eftir að hafa gegnt mikilvægu hlutverki í Oslóar-samkomulaginu 1993. Reynsla Palestínumanna af því er sú að betur hefði verið heima setið. Ástandið hefur stórlega versnað síðan þá.

Berlínarmúrinn og Vesturbakkinn

Í þessum mánuði hefur þess verið minnst að 20 ár eru liðin frá falli Berlínarmúrsins. Þeim atburði hefur eðlilega verið fagnað um allan heim, en ekki er laust við tómahljóð í þeim fögnuði þegar þagað er yfir aðskilnaðarmúrnum í Palestínu sem er allt að þrisvar sinnum hærra og miklu lengri og stærri en Berlínarmúrinn nokkru sinni var.

Ísraelsstjórn heldur áfram að lengja og stækka múrinn, þrátt fyrir úrskurð alþjóðadómstólsins í Haag í júlí 2004. Þá var múrinn dæmdur ólögmaður, Ísraelsstjórn gert að rífa hann og bæta Palestínumönnum það tjón sem múrinn hefur valdið. Ísraelsstjórn hefur í engu hlítt dómnum, og lætur sem hún sé hafin yfir lög og rétt.

Aðskilnaðarmúrinn er reistur á landi Palestínumanna en fylgir ekki landamærum nema þar sem engar landtökubýggðir eru. Annars er verið að innlima stór svæði Vesturbakkans í Ísrael. Með byggingu hans eru Palestínumenn lokaðir inni, lokaðir hver frá Framhald á bls. 2

Rjúfum einangrun Gaza – niður með múrinn!

Framhald af forsíðu

öðrum, lokaðir frá sínu ræktarlandi, lokaðir frá ættingjum og vinum, lokaðir frá sjúkrahúsum og skólum. Síðan ræðst herinn inn á þessi innilokuðu svæði, drepur fólk og fangelsar. Landtökuliðið gengur oft enn lengra í árásum á palestínsku íbúana í skjóli hersins. Smám saman er byggðum á Vesturbakkanum breytt í útrýmingarbúðir eins og búið er að gera við Gaza-svæðið.

Það er ekki á valdi Palestínumanna að rífa múrinn. Það hvílir á hverri einustu aðildarþjóð Sameinuðu þjóðanna að knýja á Ísraelsstjórn að fara að alþjóðalögum. Ísland er ekki undanskilið í þeim efnum. Það þarf sameiginlegt átak í öllum löndum til að brjóta ísraelsku aðskilnaðarstefnuna á bak aftur, rétt eins og gert var gagnvart Suður-Afríku.

Á meðan við fögnum falli Berlínamúrsins skulum við minnst þess að annar múr, ekki síður óhugnanlegur, er veruleiki sem blasir við íbúum Vesturbakkans og Jerúsalem.

Rjúfum einangrun Gaza – samband við Hamas

Félagið Ísland-Palestínu á sér ekki minna hlutverk en það átti við stofnun þess fyrir 22 árum og fjölpætt verkefni kalla á krafta félagsmanna sem fjölgað hefur nærri sexfalt frá fyrstu árunum. Félagið ætlar sér að halda áfram að kynna málstað réttlætis og friðar milli Ísraels og Palestínu. Haldið verður áfram að senda sjálfbóðaliða til herteknu svæðanna og styðja hjálparstarf með framlagi úr Neyðarsöfnun félagsins. Verkefni dagsins er að knýja á, að íslensk stjórnvöld leggi sitt af mörkum til að rjúfa einangrun íbúa Gaza-svæðisins og taki upp samband við stjórnvöldin á Gaza sem eru undir forystu Hamas-samtakanna. Jimmy Carter fyrrum Bandaríkjaforseti, Tutu biskup í Suður-Afríku og fjöldi annarra friðarverðlaunahafa Nóbels hafa lagt áherslu á þetta. Ef minnsta von á að vera um frið og þótt ekki væri nema að raunverulegar friðarviðræður hæfust, þá verða helstu fylkingar Palestínumanna að leysa sín deilumál. Með því að neita að viðurkenna annan aðilann og hlíta valdboði Ísraels og Bandaríkjastjórnar um



einangrun Hamas-samtakanna og Gaza-svæðisins er verið að útiloka möguleika á friði. Þess utan er verið að forsmá

niðurstöður lýðræðislegra kosninga og þar með sjálfsákvörðunarrétt palestínsku þjóðarinnar.

Kveðja frá ritstjóra

Þegar ný ritstjórn Frjálsrar Palestínu tekur við blaðinu er margt sem kemur í hugann, enda hefur ótal margt gerst frá því síðasta tölublað kom út. Í desember fylgdist umheimurinn agndofa með skefjalausri grimmd Ísraelshers, sem lét sprengjum rigna á íbúðarhverfi á Gaza og manntjóninu sem jókst í sífellu. Nú liggur fyrir skýrsla um stríðsglæpi Ísraelshers hjá Sameinuðu þjóðunum. Öfga-hægristjórn er tekin við í Ísrael, íbúar Gaza þreya enn þorrann í herkví. Fatah og Hamas takast á. Palestínska þjóðin sætir daglegri niðurlægingu og kúgun, landtökubýggðir halda áfram að rísa á Vesturbakkanum og bygging múrsins heldur líka áfram óareitt. Netanyahu ögrar Obama með landtökubýggðum í Jerúsalem. Abbas er leiksoppur þeirra og hefur nú nýlega notað síðasta, og mögulega eina spilið sem hann hafði á hendi sér, að hóta að segja af sér.

Þegar maður heyrir fréttir af voðaverkum sem sumir Palestínumenn grípa til í örvæntingu sinni, þá fyllist maður forundran, maður skilur ekki að nokkur geti gert svona, til að mynda að sprengja sig upp þar sem börn eru nærri.

Eins erfitt og ef til vill ómögulegt það er að skilja þvílíkt, og án þess að maður réttlæti verknaðinn, á þetta sínar rætur. Rætur í þeirri gífurlegu heift sem getur skapast við slíkt hörmungarástand sem palestínska þjóðin býr við.

Kannski að maður ætti að vera alveg jafn undrandi á þeim sem þrauka við þessar hörmungar. Hversdagshetjum, venjulegu fólki sem heldur áfram að reyna að lifa lífinu við ómögulegar aðstæður, fólk sem heldur enn sönum.

Ekki síður ber að virða þá sem geta veitt friðsama andspyrnu, þá skyldi sannarlega ekki vanmeta, þótt þeir komi sjaldnar í fréttum. Má þar nefna Harmslegnar fjölskyldur fyrir friði (e. Bereaved Families For Peace), þar sem fjölskyldur Palestínumanna og Ísraela sem misst hafa ástvini í átökunum eiga samskipti sín á milli og berjast saman fyrir friði. Hermenn sem neita að gegna herþjónustu á hernumdu svæðunum. Hermenn sem hafa rofið þagnareið og sagt hreinskilningslega frá upplifun sinni í herþjónustu á herteknu svæðunum og því sem þar fer fram. Anarkistar gegn múrnum. Rabbíar gegn zionisma. Gush Shalom. Peace Now. B'tselem. Læknar, sjálfbóðaliðar, blaðamenn eins og

Amira Hass og Gideon Levy. Þá kemur einnig í hugann sinfoníuhljómsveitin sem palestínsk-bandaríski fræðimaðurinn Edward Said og hljómsveitarstjórinn Daniel Barenboim stofnuðu saman árið 1999. Hún er skipuð ungum arðbum og gyðingum, og tilgangurinn með sveitinni er ekki síst að efla samskipti og skilning



Eftir Einar Stein Valgarðsson

þeirra á milli. Eftir að Said lést árið 2003, hefur Barenboim haldið starfi þeirra áfram.

Hér eru aðeins fáeinir nefndir, en allt þetta fólk sýnir ótrúlega þrautseigju og hugrekki. Þrátt fyrir friðsamleg og gófug störf sín og andspyrnu sætir það oft árásum, fyrirliðningu og ofsóknum.

Hinn aldni friðaraktívisti Uri Avnery í Gush Shalom komst vel að orði þegar hann sagði baráttu samtakanna vera „líttinn þátt í baráttu sem fer fram um allan heim, fyrir réttlæti og jafnrétti milli fólks og þjóða, til að varðveita plánetuna okkar. Það má draga þetta allt saman í einu orði, sem þýðir bæði á hebresku og á arabísku ekki einungis friður heldur líka heilindi, öryggi og velferð: Shalom, Salaam“.

Í þeirri baráttu hefur Félagið Ísland-Palestína kappkostað að leggja sitt á vogarskálarnar og mun halda því áfram.

Þegar ástandið er svart, gleðst maður þeim mun meira yfir ánægjulegum fréttum. Sjálfur var ég til að mynda djúpt snortinn affréttinni úr sjálfbóðaliðaferðinni á Gaza, þegar maður sem misst hafði fætur sína af völdum Ísraelshers gekk heim á gervifótum frá Össuri. Eins vakti það athygli á 20 ára afmæli falls Berlínarmúrsins, að íbúar palestínska þorpsins Nilin sýndu fádæma dirfsku og felldu hluta landtökumúrsins. Þetta var í senn hugdjörf, falleg og táknræn aðgerð.

Lesendur munu taka eftir því að sjónum er nokkuð beint að listinni í þessu blaði. Smásaga birtist hér eftir rithöfundinn Ghassan Kanafani, auk þess sem leik-

listarfræðingurinn, leikarinn, leikstjórinn og höfundurinn Mohammed Awwad segir frá starfi sínu með stríðshráðum palestínskum börnum. Leikkonan Þóra Karítas Árnadóttir segir frá aktivistanum Rachel Corrie. Þóra setti upp einleikinn *Ég heiti Rachel Corrie* í Borgarleikhúsinu fyrr í ár, en hann unnu Alan Rickman og Katherine Viner upp úr dagbókarfærslum og tölvupóstum Corrie. Þá vakti einnig athygli orleikurinn *Sjö gyðingabörn* eftir Caryl Churchill sem sýndur var um sama leyti.

Rachel Corrie hefði orðið þritug í ár, hefði ísraelsk jarðyta ekki ekið á hana. Corrie vildi aftra niðurrifi palestínsku íbúðarhúss.

Ég tel að áhrifamáttur listarinnar sé mikill. Hún kemur kannski ekki á friði ein og sér, en listin getur verið andóf og hún er leið til útrásar. Hún er tjáningar- og sköpunartæki, hún getur örvað skilning og tilfinningar og vakið til umhugsunar, hún getur endurspeglað raunveruleikann, gagnrýnt hann og bent á aðrar leiðir. Hún er auk þess leið til að halda sönum.

Allt þetta og meira er listin, og tel ég því sýnt að hún hafi sjaldan verið mikilvægari en nú.

Fyrst ég minnst á list, vil ég einnig vekja athygli á því að okkar ágæti félagi Sigrid Valtinójer er búin að opna sýningu í Berlín, tileinkaða Palestínu. Hún var einnig til sýnis í Reykjavík í janúar 2008 í Gallerí Start Art, og vakti þá mikla athygli. Þá nefndist hún *Ferð án endurkomu* en þýskur titill hennar er *Reise ohne Widerkehr – Palästina – Tagebuch 2003*. Sýningin í Berlín fer fram í Maison Blanche, Berlin-Kreuzberg, Kortestrasse 15 og stendur til loka desember.

Ísrael, Bandaríkin og samherjar þeirra verða að skilja að því meira sem þjarmað er að palestínski alþýðu, þeim mun ólíklegra er að hún gripi til friðsamrar andspyrnu, hvað þá listar, sem útrásar. Þeim mun líklegra er að hún firrist og fremji voðaverk og þeim mun meiri hljómgrunn hafa herská öfl. Og það einskorðast ekki við Palestínu eina.

Palestínumenn, Ísraelar og umheimurinn eiga betra skilið.

Niður með hernámið. Niður með herkvína. Niður með múrana, andlega og veraldlega.

Megi friður og réttlæti ná að ríkja. Shalom, Salaam.

Skrípaleikurinn og harmssagan

Því verður ekki neitað: í deilunni á milli Baracks Obama og Binyamin Netanyahu tapaði Obama fyrstu lotunni.

Obama hafði sett það skilyrði fyrir ráðstefnu aðilanna þriggja – Ísraels, Bandaríkjanna og palestínskuheimastjórnarinnar – að allar landtökuframkvæmdir yrðu stöðvaðar, þ. á m. í Austur-Jerúsalem. Ráðstefnan ætti svo að greiða fyrir hröðum friðarviðræðum með frið milli ríkjanna tveggja – Ísraels og Palestínu – að markmiði.

Eins og forni málshátturinn segir: „Ferð hinna þúsund mílna byrjar með einu skrefi“. Netanyahu brá fætinum fyrir Obama í fyrsta skrefi hans. Forseti Bandaríkjanna hrasaði.

Fundur aðilanna þriggja fór vissulega fram, en í stað mikils þrekvirkis hinnar nýju stjórnar Bandaríkjanna þá sáum við niðurlægjandi dæmi um veikleika. Eftir að Obama neyddist til að gefa eftir kröfuna um að landtökuframkvæmdir yrðu stöðvaðar hafði fundurinn enga þýðingu lengur.

Mahmoud Abbas mætti vissulega á fundinn. Hann var neyddur þangað gegn vilja sínum. Aumingja maðurinn gat ekki neitað boði Obama, eina stuðningsmanns síns. En hann mun greiða þetta flug dýru verði: Palestínumenn og í raun allur arabíski heimurinn hafa séð breiskleika hans og Obama, sem byrjaði kjörtímabilið með háværi ræðu frá Kaíró til múslima, er nú sem brotinn reyr.

Ísraelskar friðarhreyfingar hafa orðið fyrir enn einu áfallinu. Þær höfðu bundið vonir sínar við staðfestu Bandaríkjaforseta. Sigur Obama og stöðvun landnámsframkvæmda átti að sýna hinum venjulega manni í Ísrael að neitunarstefna Netanyahu myndi einungis leiða til hörmunga.

En Netanyahu hefur sigrað, og sigur hans er stór. Ekki er nóg með að hann haldi velli, heldur hefur hann nú líka sýnt að hann sé enginn „aumingi“ (eins og hann sjálfur orðar það ítrekað). Hann hefur jafnframt sannað fyrir sínu liði og almenningi í Ísrael að það sé ekkert að óttast: Obama sé bara pappírsljón. Landtökubyggðirnar geta haldið áfram óráreittar. Viðræðum má halda áfram

allt þar til frelsarinn kemur, ef nokkrar hefjast þá yfirleitt. Þær munu ekki leiða til neins.

Fyrir Netanyahu þá er friðarógnin farin. A.m.k um sinn.

Það er erfitt að skilja hvernig Obama hefur leyft sjálfum sér að komast í þessa vandræðalegu stöðu.

Machiavelli kenndi að maður ætti ekki aðað ráðast á ljón nema maður sé reiðubúinn að drepa það, og Netanyahu nær ekki einu sinni að vera ljón. Hann er bara refur.

Af hverju krafðist Obama að landtökuframkvæmdir yrðu stöðvaðar – sem er í sjálfu sér réttlát krafa – ef hann gat ekki staðið vaktina? Þe.a.s. fyrst hann var óhæfur til að fylgja kröfunni gagnvart Netanyahu eftir?

Áður en stjórnvitringur ræðst í þess konar herferð, þá verður hann að vega og meta. Hann þarf að spyrja sjálfan sig: hvað hann þurfi að kljást við, hvaða vald hann hafi og hversu ákveðin mótstaðan sé. Hvað hann geti gert til að fá sínu fram og hversu langt hann sé tilbúinn að ganga í valdbeitingu.

Obama er með fullt af góðum ráðgjöfum á bak við sig, með Rahm Emanuel fremstan í flokki, en þar sem hann er af ísraelskum ættum (og ber auk þess nafnið Israel), var hann talinn hafa sérstaka innsýn í málið. Þá er George Mitchell er harður og vel reyndur erindreki og ekki var við öðru að búast en að hann drægi öfgalausar ályktanir. Hvernig gat þeim öllum mistekist?

Það hefði verið rökrétt fyrir Obama að ákveða hvernig hann gæti best beitt þrýstingi áður en hann hellti sér í slaginn. Þrýstitækin eru fjöldamörg – frá því að



Eftir Uri Avnery

hóta því að Bandaríkin myndu hætta að vernda Ísrael með neitunarvaldi sínu í öryggisráðinu til þess að tefja næstu sendingu af vopnum. Sem dæmi þá hótaði James Baker því árið 1992 að ábyrgjast ekki lengur lán Ísraelsa erlendis, en hann var þá utanríkisráðherra Bush. Það nægði til að draga jafnvel Yitzhak Shamir til ráðstefnunnar í Madrid.

Það virðist því sem Obama hafi annaðhvort ekki viljað eða ekki getað sett slíkan þrýsting á Netanyahu, jafnvel leynilega. Þessa vikuna leyfði hann bandaríska sjóhernum að hafa stóra heræfingu með flugher Ísraelsa.

Sumir vonuðust til þess að Obama myndi nota Goldstone-skýrsluna gegn Netanyahu. Þó ekki hefði verið nema ýjað að því að Bandaríkin myndu ekki nota neitunarvald sitt í öryggisráðinu, þá hefði það valdið ótta í Jerúsalem. Þess í stað gaf Washington út yfirlýsingu um skýrsluna sem var alveg í samræmi við áróður Ísraelsa.

Sannarlega má segja að erfitt sé fyrir Bandaríkjamenn að fordæma stríðsglæpi sem eru mjög svipaðir þeim sem þeirra eigin hermenn framkvæma. Ef ráðamenn ísraelska hersins yrðu færðir fyrir rétt í Haag, þá gætu bandarískir hermenn allt eins verið næstir. Enn sem komið er þá hafa aðeins þeir sem hafa tapað stríðum verið kærðir. Hvernig mun veröldin verða ef sigurvegararnir eiga líka möguleika á kæru?

Hin óumflýjanlega niðurstaða í málinu hlýtur því að sú vera að ósigur Obama hafi verið vegna þess að aðstæður hafi ekki verið metnar sem skyldi. Ráðgjafar Obama, sem eru álitnir sjóaðir stjórnámálamenn mátu hagsmunaaðilana rangt.

Það hefur nú þegar gerst í hinni afdrifaríku deilu um bandaríska heilbrigðiskerfið. Andstaðan þar er mun sterkari en stuðningsmenn Obama bjuggust við. Til að koma sér úr þeirri klípu þarfnast Obama stuðnings allra öldungaráðsmanna og þingmanna sem hann nær í. Þessi staða styrkir sjálfkrafa þá þrýstihópa sem styðja Ísrael og hafa nú þegar mikil áhrif á þingi.

Það síðasta sem Obama þarf núna er að AIPAC og félagar lýsi stríði á hendur honum. Netanyahu, sem er sérfræðingur í innanríkismálum Bandaríkjanna, skynjaði veikleika Obama og nýtti sér hann.

Obama gat einungis gníst tönnum og pakkað saman.

Þessi ósigur er sérlega sár á þessum ákveðna tímapunkti. Það viðhorf hefur aukist gagnvart forsetanum, að hann sé



vissulega innblásinn ræðumaður með upplífgandi boðskap, en veikir stjórnmalamaður, sem geti ekki hrint sýn sinni í framkvæmd. Sé þetta raunin mun það varpa skugga á allt kjörtímabilið hans.

En er stefna Netanyahu skynsamleg frá sjónarhóli Ísraels?

Þetta gæti vel reynst Pyrrosarsigur. Obama mun ekki hverfa a sjónarsviðinu í bráð. Hann á þrjú og hálft ár eftir af kjörtímabili sínu og hugsanlega fjögur ár í viðbót, nái hann endurkjöri. Það er nægur tími til að hyggja á hefndir þegar maður hefur verið særður og auðmýktur á viðkvæmri stundu, við upphaf kjörtímabilsins síns.

Það er auðvitað ómögulegt að segja hvað er að gerjast djúpt með Obama. Hann heldur spilunum sínum fyrir sig. Honum hefur efflaust lærst á mörgum árum sem bandarískur blökkumaður að halda hugsunum sínum leyndum.

Obama gæti dregið þá ályktun, rétt eins og allir forverar hans í fosetaembætti, allt frá Dwight Eisenhower (að Bush eldri undanskildum, á meðan Baker sá um skítverkin fyrir hann) að það sé ekki sniðugt að kássast upp á Ísrael. Það geti valdið hvaða forseta sem er ómældum skaða.

En hann gæti allt eins komist á öndverða skoðun – að rétt sé að biða eftir rétta tækifærinu, þegar fylgið við hann er sem mest og endurgjalda þá Netanyahu margfalt. Ef það gerist þá gæti verið fullsnemmt fyrir Netanyahu að hrósa núna sigri.

Ef ég væri spurður álits (engar áhyggjur, það gerist ekki) þá myndi ég segja þetta við hann:

Það væri sögulegur viðsnúningur ef tækist að koma á friði milli Ísraelsa og Palestínumanna og það myndi snúa við 120 ára hefð. Þetta er ekki einföld aðgerð, og hana ætti ekki að nálgast með léttúð. Það á ekki að láta erindrekum og einkariturum málið eftir. Það krefst staðfasts leiðtoga með einbeittan huga og styrka hönd. Sá sem er ekki reiðubúinn til þessa ætti ekki einu sinni að reyna.

Vilji forseti Bandaríkjanna taka sér þvlíkt hlutverk á hendur, þá verður hann að móta skýra og nákvæma friðaráætlun með ströngum tímamörkum og vera tilbúinn að kosta öllu til að ná því fram. Hann þarf að vera tilbúinn til þess að horfast við í augu við hina öfluðu þrýstihópa sem styðja Ísraelsríki og bjóða þeim byrgin.

Þetta mun ekki verða að veruleika nema að viðhorf almennings í Ísrael, Palestínu, arabaheiminum og Bandaríkjunum verði komið á sveif með forsetanum, og það þarf að undirbúa það vel. Til þess að þetta takist þarf sterka ísraelska friðarhreyfingu, öflugan stuðning almennings í Bandaríkjunum, og þá sérstaklegra bandarískra gyðinga, öfluga forustu Palestínumanna og samstöðu meðal araba.

Á rétta augnablikinu verður Bandaríkjaforseti að koma til Jerúsalem og ávarpa almenning í Ísrael úr ræðustóli ísraelska þingsins, eins og Anwar Sadat og Jimmy Carter, þáverandi forseti Bandaríkjanna gerðu. Hann verður líka að flytja ávarp á þingi Palestínumanna, eins og Bill Clinton, fyrrum Bandaríkjaforseti gerði.

Ég veit ekki hvort Obama sé rétti maðurinn. Sumir í friðarhreyfingunni hafa

nú þegar gefist upp á honum, sem hlýtur að þýða að þeir séu farnir að örvænt um frið. Ég er ekki tilbúinn til þess. Ein orrusta ræður sjaldan úrslitum í stríði, og ein mistök segja ekki fyrir um framtíðina. Töpuð orrusta getur hert þann sem tapar og mistök geta kennt dýrmæta lexíu.

Í einni af ritgerðum sínum sagði Karl Marx að sagan endurtæki sig. Í fyrra skiptið sé hún harmsaga, en í seinna skiptið skrípaleikur.

Fundur aðilanna þriggja árið 2000 í Camp David var mikil harmsaga. Miklar vonir voru bundnar við hann og árangur virtist í sjónmáli en undir lokin hrundi alltog málsaðilarnir kenndu hver öðrum um.

Ráðstefnan á Waldorf-Astoria árið 2009 var skrípaleikurinn.

Höfundur er ísraelskur friðaraktivisti og rithöfundur. Hann er jafnframt fyrrum hermaður og stjórnmalamaður og blaðamaður. Hann hefur helgað langt líf sitt friðarbaráttunni og er meðal stofnenda friðarsamtakanna Gush Shalom.

Þýðing: Einar Steinn Valgarðsson

Í tilfinningalegum rússíbana

Framhald af bls. 7

maður varð vitni að á hverjum einasta degi; tilgangsleysi öryggiseftirlitsins, ömurlegum réttlætningum á ólöglegu hernámi og vonleysi yfir skeytingarleysi umheimsins í garð þeirra sem brotið er á. En á sama tíma hef ég aldrei kynnst eins mikilli gleði, auðmýkt, heiðarleika, umhyggju og gestrisni í fari fólks, bæði palestínsku og alþjóðlegu.

Öllum sem álíta sig mannúðlega ber að opna augun fyrir því óréttlæti sem einkennir líf meirihluta íbúa heimsins og velta fyrir sér hvaða þýðingu það hafi að vera veikur, fátækur og vanmáttugur á tímum hnattvæðingar og framfara í vísindum. Sem íbúar í siðmenntuðu og mannsæmandi samfélagi sem byggt er á grundvallar siðferðislegum gildum er það skylda okkar að hlusta, axla ábyrgð og bregðast við óréttlæti og ójöfnuði. Frjáls Palestína!

Höfundur er hjúkrunar- og mannfræðinemi og stjórnarmeðlimur FÍP

Ein djöfulleg áætlun

Obama, forseti Bandaríkjanna, hefur tekið eindreigna afstöðu með Ísraelsstjórn í baráttu hennar til að fyrirbyggja uppbyggingu ríkis þar sem Palestínumenn geta átt heima í friði og farsæld. Obama lýsti afstöðu sinni til morðæðis Ísraels hers á Gaza þannig: „ef eldflaugar lentu á þeim stað þar sem dætur mínar tvær sofa þá myndi ég leggja allt í sölurnar til að stöðva þá atburðarás“ Obama kys vísvitandi að ræða ekki orsakir þess að flugskeyti gætu lent á svefnherbergi dætranna. Þetta er sama röksemdafærslan og lögræðingurinn Dershowitz notaði í Mbl.viðtali 4.4. '08: „Hvað myndu Reykvingar gera ef Grænlingar byrjuðu að skjóta eldflaugum og fela sig bak við almenna borgara. Þið mynduð ekki líða slíkt.“ Báðir setja upp einfeldningslega mynd af atburðunum til þess að geta réttlætt morðæði Ísraels hers. Stjórnir Bandaríkjanna og Ísraels kalla andstöðuhópa í Palestínu hryðjuverkamenn og þar með er málið útrætt. Þá er komið skotleyfi á þá og allt sem er í nágrenninu. Þar með talin 410 börn, mörg þeirra í svefni líkt og dætur Obama í hinni ímynduðu árás hans. Ef það á reyna að ræða ýktan málabúnað Dershowitz þá verður fyrst að athuga hvers vegna Grænlingar tækju upp á því að skjóta eldflaugum á okkur í Reykjavík. Ekki eru Grænlingar haldnir illum öndum og hefja árásir skýringalaust. Ef það kæmi hinsvegar í ljós að Reykvingar hefðu í 60 ár kúgað Grænlinga, svipt þá mannréttindum, stolið landi þeirra og myrt þúsundir – þá væri komin skýring á þessu hátterni þeirra. Obama gæti hins vegar tekið upp á því að segja að Reykvingar hefðu allan rétt til þess að gera loftárásir á innikróaða Grænlinga og myrða þá að vild. Slík er vitleysan.

Allt með ráðum gert
Forystumenn Ísraels hafa það í hendi sér að semja frið. Þeir stjórna atburðarásinni. Til þess að skilja ástandið þá verða menn að gera sér grein fyrir þeirri ógnvænlegu staðreynd að þetta er allt með ráðum gert. Og hefur aðeins einn tilgang. Allt sem er ákveðið af stjórnunum Ísrael miðar að því að hreinsa svæðið af óæskilegu fólki, með öðrum orðum: Þjóðernishreinsanir. Allt friðarhjalið miðar að þessu sama



Eftir
Hjálmtýr
Heiðdal

takmarki. Að halda eitthvað annað er blekking.

Ísraelsstjórnir vinna að því að gera lífið að slíku helvíti fyrir Palestínumenn að þeir hrökklist burt. Svo þegar þær fá andsvör við ofbeldinu eru þau notuð til að réttlæta enn harðari aðgerðir. Enn frekara helvíti. Þetta er liður í djöfulleguri áætlun um útrýmingu heillar þjóðar. Þessi áætlun blasir við og birtist með margvíslegum hætti.

– 450.000 Ísraelar hafa verið sendir til ólöglegra búsetu á hernum Vesturbakkanum.

– Þar hafa verið byggðir upp vegir sem eru eingöngu fyrir landræningjana, vegakerfi sem sker byggðir Palestínumanna sundur og gerir þeim lífið óbærilegt.

– Ferðafrelsi Palestínumanna er grimmilega takmarkað með ólöglegum varðstöðvum.

– Ísraelsstjórn lætur reisa múr sem hindrar bændur í bústörfum, sker í sundur þorp og bæi og drepur niður allt eðlilegt líf.

– 400 börn og 900 fullorðnir voru drepin fyrir opnum tjöldum. Talsmenn stjórmarinnar og hersins segja svo að enginn geti sagt þeim fyrir verkum. Heimurinn skal vita að engir alþjóðasáttmálar geta verndað Palestínumenn.

Þetta er ótrúleg upptalning en ekki nýuppögðtvað leyndarmál. Hér er bara dreginn saman listi yfir aðgerðir ísraelsstjórnar sem á sæti í SP! Og er þó ríkið talið til lýðræðisríkja – og nýtur sérstakrar velvildar vestrænna ríkis-

stjórna! Seint yrðu aðrar ríkisstjórnir sem framfylgja ofangreindri stefnu teknar alvarlega í friðarviðræðum.

Gazaglæpurinn

Þjóðir sem hafa aðgang að góðum fréttaveitum fylgdust agnodo með framferði ísraelska hersins á Gazaströndinni. Á einum og sama deginum varpaði herinn sprengjum á þrjá spítala, tvær birgðastöðvar fyrir lyf og mat og tvo skóla. Herinn sprengdi upp 20 skrifstofur SP!

Daginn sem þeir sneru landhernum heimleiðis notuðu Ísraelar jarðýtur til að jafna hús margra fjölskyldna við jörðu. Þessi aðgerð hafði engan hernaðarlegan tilgang. Hún var eingöngu til þess að sýna Palestínumönnum hver ræður og á hvers skilmálum þeir búa í sínu forna landi.

Það getur verið erfitt fyrir Íslendinga að skilja þennan glæpsamlega ofsa sem birtist í þessum árásum, engu er eirt. Börn drepin í hundraðatali, 5.500 særðir, margir örkumla eftir nýjar tegundir bandarískra vopna sem árásarherinn beitir ásamt fosfórsprengjum sem kvelja fórnarlömbin með hryllilegum hætti.

Hvaða fólk er þetta sem ræðst gegn vopnlausri þjóð, innilokaðri mánuðum saman í örbirgð og skorti? Þjóðin hefur verið svipt öllum mannréttindum, eini rétturinn sem hernámsliðið skammtar fólkinu er að svelta og deyja.

Lokaorð þessarar greinar fæ ég að láni úr grein sem Auðólfur Gunnarsson læknir birti í Mbl. fyrir skömmu:

Íslendingar eru lítil þjóð sem byggir tilvist sína á lýðræði og mannréttindum. Henni ber því að láta rödd sína heyrast, hvar og hvenær sem það getur orðið að liði til að stöðva blóðbað og mannréttindabrot eins og þau, sem nú eiga sér stað á Gaza. Annars erum við öll samsek. Var það ekki okkar maður Jón Sigurðsson sem sagði: „Gjör rétt, þol ei órétt“?

Slítum stjórnmálasambandi við Ísrael.

Í tilfinninga- legum rússibana

Langst af sá ég ekki ástæðu til þess að velta sérstaklega fyrir mér grundvallarmannréttindum enda tilheyri ég fámennum forréttindahópi sem hefur aldrei liðið skort á nauðsynjum né upplifað brot á frelsi mínu og mannhelgi. Ég hef gert það sem ég vil, þegar ég vil, þar sem ég vil. Það tekur því aldeilis á öreyndri réttlætiskennndinni að ferðast til hertekinnar þjóðar eins og Palestínu, þar sem daglegt líf einkennist af kúgun, ferðatakmarkunum, valdaniðslu, mannréttindabrotum og niðurlægingu af hendi hernámsþjóðarinnar á meðan að heimurinn horfir aðgerðarlaus á.

Allar borgir og bæir á Vesturbakkanum (sem mynda á framtíðarríki Palestínumanna) eru umkringd ólöglegum landtökubýggðum Ísraels og eru byggðirnar forsenda fleiri en 600 eftirlitsstöðva, vegatálma, veghliða og annara hindrana sem gera 2 milljónum Palestínumanna ómögulegt að komast óhindrað á milli staða, á meðan að landtökufólkið ferðast algerlega óáreitt um Vesturbakkann. Landtökubýggðirnar eru tengdar hver annari með splunkunýjum hraðbrautum sem skera þvert á landsvæði Palestínumanna og eru eingöngu ætlaðar landtökufólki. Við hvert þorp sem er einangrað vegna landtökubýggðanna og hraðbrautanna er varðstöð sem eingöngu Palestínumenn þurfa að fara í gegn um. Það heyrir til algerra undantekningar að komast frá einum palestínskum bæ til annars án þess að vera stoppaður og yfirheyður á ísraelskri varðstöð. Og nú er ég aðeins að tala um Vesturbakkann, Gaza ströndin er alveg sér kapituli.

Ég hef starfað sem sjálfbóðaliði í Palestínu 2005, 2008 og 2009. Þar hef ég starfað í borgánorðurhluta Vesturbakkans sem heitir Nablus, en í henni búa um 150 þúsund manns en borgin sér öðrum 150 þúsundum í nærliggjandi þorpum fyrir nauðsynlegri samfélagsþjónustu. Eins og aðrar borgir er Nablus umkringd 14 ólöglegum landtökubýggðum sem gerir það að verkum að borgin er lokuð til allra átta með 7 varðstöðvum. Þetta þýðir að



Eftir
Önnu
Tómas-
dóttur

Nablsbúar geta ekki yfirgefið borgina sína án þess að fá leyfi frá ísraelskum yfirvöldum og íbúar nærliggjandi þorpa hafa ekki aðgang að nauðsynlegri þjónustu í borginni, hvorki menntun né heilbrigðisþjónustu.

Síðustutvösumur starfaði ég með litlum grasrótsamtökum sem kallast Project Hope. Hjá þeim starfa bæði innlendir og erlendir sjálfbóðaliðar. Samtökin miða að því að veita fólki sem lifir við alvarlegt og óréttlátt hernám mannúðleg tækifæri til að auka þekkingu sína og færni í tungumálum og listum. Aukin tungumálakunnátta er Palestínumönnum dýrmæt, eins og öll önnur menntun, þar sem hún opnar fleiri möguleika á að vekja athygli á ástandinu í landinu. Þó svo að samtökin einbeiti sér sérstaklega að tungumála- og listakennslu varð svo úr að ég fékk, ásamt öðrum, tækifæri til þess að próa og kenna heilsuefingar- og skyndihjálparnámskeið fyrir hin ýmsu kvenfélög umhverfis Nablus. Við sem stóðum að skyndihjálparkennslunni 2008 ákváðum að skrifa skyndihjálparbók, sem fyrir tilstuðlan Félagsins Ísland-Palestína var gefin út í 500 eintökum og dreift til þeirra sem hlutu kennslu.

Þar sem skyndihjálpin var einungis kennd í þorpunum og flóttamannabúðunum fyrir utan Nablus fylgdu því alltaf smá ferðalög þar sem við þurftum að fara í gegnum varðstöðvar, þrátt fyrir að þorpið væri í aðeins 10 km fjarlægð frá miðborg Nablus. Þó svo að ég færi í hverri viku í gegnum sömu varðstöðina, með sama túlkinum og með sömu endurlífgunarbrúðuna kostaði það

alltaf óþarfa vesen, niðurlægingu og seinkanir.

En svo hef ég einnig haft umsjón með enskutímum, en þá sóttu aðallega fólk á aldri við mig og flestir háskólanemar. Það var alveg ljóst frá upphafi að ég væri ekki að fara kenna ensku, enda ekki með reynslu né réttindi á því sviði, þannig að ég ákvað strax að hafa tímana í formi umræðna. Fyrir hvern tíma var ég búin að finna til nokkur umræðuefni og svo völdum við í sameiningu það sem okkur þótti áhugaverðast og ræddum og skiptumst á skoðunum. Þau voru líka dugleg við að finna upp á umræðuefnum sjálf og oftast en ekki þróuðust umræðurnar í allt aðra átt en til stóð í upphafi tímanna. Sum umræðuefni voru heitari en önnur og stundum spunnust út lífflegar rökræður um umdeild málefni, og ég átti oft í stökustu vandræðum við að stýra umræðunum og halda þeim á ensku.

Helgarfríin nýttust svo í ferðalög, bæði innan Vesturbakkans og utan hans. Það sem var kannski erfiðast við það að ferðast frá Nablus var það að ég gat farið. Ég er frjáls, en þeir Palestínumenn sem ég vann með og kenndi gátu ekkert farið. Ég sagði bekknum mínum að ég væri að fara til Haifa (Ísraelsk borg þar sem margir íbúar Nablus eiga rætur að rekja) vitandi það að þau mega aldrei fara til Haifa og mega mörg hver ekki einu sinni yfirgefa Nablus. Borgir eins og Jerúsalem, Jericho og Bethlehem eru staðir sem maður hefur þekkt frá blautu barnsbeini og Dauða hafið er einstakt í veröldinni.

Sömuleiðis fór ég ásamt öðrum sjálfboðaliðum í heimsóknir til ýmissa samtaka sem starfa í Ísrael, en áhugaverðast var að heimsækja samtök fyrrverandi hermanna sem vilja rjúfa þögnina um grimmd hernámsins og vekja athygli á neikvæðum áhrifum hermennskunnar á líf og heilsu þeirra sem gegna herskyldu (en meirihluti Ísraelsmanna gegnir herskyldu). Hver einasti dagur í Palestínu var áskorun, hver einasta kennslustund færði mér eitthvað nýtt. Það var svo margt sem ég hafði aldrei nokkurn tíma geta ímyndað mér sjálfa mig gera, hvort sem það var að standa fyrir framan hóp af fólki, halda athygli þess og halda uppi umræðum án þess að falla í yfirlið eða standa í hárinu á vopnuðum landamæravörðum með mikilmennskubrjálæði.

Dvöl mín í Palestínu hefur verið tilfinningarlegur rússíbani, ég upplifði bæði djúpa depurð og reiði yfir óréttlætinu sem Framhald á bls. 5

Skyggnst á bak við Goldstone-skýrsluna

Skýrsla Sameinuðu þjóðanna varð að veruleika, þrátt fyrir tilraunir Ísraels til að aftra henni

188 viðtöl, 300 frásagnir einstaklinga, – allt að 10.000 blaðsíður. 30 myndbönd og 1300 ljósmyndir.

Þetta er bakgrunnur skýrslunnar sem Richard Goldstone fyrrum saksóknari stríðsglæpadómstólanna í málefnum Júgóslavíu og Rúanda afhenti Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í síðustu viku.

Niðurstaðan er skýr: Það ber að kæra Ísrael fyrir Alþjóðlega sakamáladómstólnum fyrir stríðsglæpi og ef til vill glæpi gegn mannkyni.

Undir lokin nefnir skýrslan að „alvarleg brot á alþjóðalögum“ hafi átt sér stað, og hún endar með að skora á að mannréttindadómstóll Sameinuðu þjóðanna biðji öryggisráð S.Þ. að vísa Ísrael áfram til Alþjóðaglæpadómstólsins (ICC).

Nefndnarmennirnir fjórir voru skipaðir af formanni mannréttindaráðsins í apríl með það markmið að „rannsaka öll brot á alþjóðlegum mannréttindum og alþjóðlegum mannúðarlögum sem kynnu nokkurn tímann að hafa verið framin í tengslum við hernaðaraðgerðirnar á Gaza á tímabilinu frá 27. desember 2008 til 18. janúars 2009, hvort heldur í aðdraganda þeirra, á meðan þeim stóð eða í kjölfar þeirra“.

Án Ísraels

Skýrslan var gerð án samvinnu við Ísrael. Ísraelsstjórn neitaði að taka þátt í rannsóknunum á Gaza og Vesturbakkanum. Meðlimir Goldstone-nefndarinnar þurftu þess vegna að fara til Egyptalands til þess að komast þaðan inn á Gaza. Þeir komust ekki inn á Vesturbakkann, þar sem Ísrael neitaði þeim um það. Nefndin fundaði þess vegna með fulltrúum palestínsku heimastjórnarinnar í Amman í Jórdaníu. Nefndin átti líka marga fundi með Hamas-stjórninni á Gaza.

Nefndin mælir með að að Ísraelsstjórn

fái þrjá mánuði til að framkvæma rannsókn á Gaza-stríðinu. En Goldstone, sem er sjálfur suður-afriskur gyðingur, efast um að Ísrael muni standa fyrir „trúverðugri rannsókn á hinum meintu afbrotum“. Hann hvetur Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna til þess að standa sjálft fyrir rannsókn og skila skýrslu innan sex mánaða.

Goldstone biður einnig öryggisráðið um að skipa sérfræðinganefnd til að fylgjast með rannsókninni þar til Öryggisráðið ákveður að vísa málinu til Alþjóðaglæpadómstólsins.

Palestínumennirnir

Í skýrslunni segir líka að Hamas og palestínskar andspyrnuhreyfingar hafi skotið eldflaugum og sprengikúlum

á suðurhluta Ísraels og þar með ekki gert greinamun á borgaralegum og hernaðarlegum skotmörkum. „Þessar aðgerðir geta reynst stríðglæpir og glæpir gegn mannkyni“ stendur þar.

En Goldstone-skýrslan nefnir líka að hernumin þjóð hafi rétt til andspyrnu samkvæmt alþjóðlegum reglum Sameinuðu þjóðanna. Og umfjöllunin um Hamas og andspyrnuhreyfingarnar vegur lítið í 574gra blaðsíðna langri skýrslunni.

Hamas fær þó eins og Ísrael þrjá mánuði til að hefja óháða rannsókn, annars á öryggisráð Sameinuðu þjóðanna að taka afstöðu til þess hvort Alþjóðaglæpadómstóllinn eigi líka að höfða mál gegn samtökunum.

Goldstone-skýrslan

Hægt er að nálgast Goldstone-skýrsluna á ensku á eftirfarandi vefslóð: http://www.2ohchr.org/english/bodies/hrcouncil/specialsession/9/docs/UNFFMGC_Report.prd

Kröfur Sameinuðu þjóðanna gagnvart Ísrael

Goldstone skýrslan hvetur til ákærra á hendur Ísrael í mörgum löndum.

Í hinni sérlega efnismiklu skýrslu Sameinuðu þjóðanna frá Goldstone-nefndinni eru gerðar margar kröfur á hendur Ísrael, og skorað er á þjóðir heims að bregðast við.

* Nefndin skorar á þau lönd sem hafa skrifað undir Genfarsáttmálan, að hefja sjálf réttarhöld við eigin dómstóla vegna „alvarlegra brota á Genfarsáttmálanum“. Einnig segir í Goldstone skýrslunni að það „beri að lýsa eftir þeim sem grunaðir eru um glæpi“.

* Ísrael á að láta Palestínumenn sem hafa verið handteknir í tengslum við hernámið lausa.

* Ísrael á ekki að afneita eigin löndum þegar þeir „gagnrýna“ gjörðir Ísraelsstjórnar.

* Einnig stendur þar að það „ber[í] að styðja“ ísraelsk og palestínsk mannréttindasamtök.

* Ísrael á að hætta „mótaðgerðum gagnvart þeim Palestínumönnum og Ísraelum sem unnu með Sameinuðu þjóðunum við gerð skýrslunar“.

* Sameinuðu þjóðirnar eiga að aðstoða við enduruppbyggingu Gazasvæðisins og „fjarlægja hvítan fosfór, sprengikúlubrot með volframi og önnur eiturefni“.

* Ísrael á að hætta að hefta streymi þeirra mörg hundruð milljóna dala sem alþjóðasamfélagið hefur úthlutað til enduruppbyggingar á Gaza.

* Goldstone-skýrslan ályktar að Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna „eigi að taka afstöðu til þess hvort leyfa eigi að beita hvítum fosfór, flechette-sprengikúlum og volframi í hernaði“.

* Ísrael á að aflétta herkvínni, opna landamærin til Gaza og „veita ferðafrelsi“.

Í Goldstone-skýrslu Sameinuðu þjóðanna er hvatt til þess að Ísrael verði kært fyrir Alþjóðlega sakamáladómstólnum. Hér eru helstu atriðin í skýslunni.

Í skýrslu Goldstone-nefndarinnar hjá Sameinuðu þjóðunum er fullyrt að nefndin hafi fundið „sterkar sannanir fyrir því að stríðsglæpir og glæpir gegn mannkyni hafi verið framdir í átökunum á Gaza“.

* Nefndin ályktaði að Ísrael hafi „brotið alvarlega gegn 4. Genfarsáttmálanum hvað varðar vísitandi dráp“ og að Ísraelskt herliðið hafi „vísitandi valdið fólki, sem eiga að njóta verndar samkvæmt sáttmálanum, miklum þjáningum“.

* Niðurstaðan er, að „eins og mál stand[í] sé ástæða til að telja þetta einstaklingsbundið, refsivert athæfi“.

* Ísrael „skipulagði aðgerðina á Gaza“ á tímabilinu frá desember til janúar, eftir að hafa tekið um það „pólitíska ákvörðun“.

* Ísraelsstjórn réttlætti aðgerðina með því að vísa til elflaugaárása gegn Ísrael, en í skýrslunni segir: „Á meðan Ísraelsstjórn hefur reynt að halda því fram að aðgerðir hennar hafi fyrst og fremst verið viðbrögð við eldflaugaárásum og hún hafi beitt rétt sínum til sjálfsvagnar, þá telur nefndin að árássinni – allavega að hluta til – hafi verið ætlað annað: að ráðast á íbúa Gaza í heild“.

* Ísrael á að leyfa fiskveiðar innan við 20 sjómíllur út fyrir Gaza.

* Sameinuðu þjóðirnar eiga að halda ráðstefnu um „hvernig Genfarsáttmálanum er framfylgt á herteknum svæðunum og Gaza“ stendur í hinni 574gra blaðsíðna skýrslu.

Upplýsingar um vopn: DIME-sprengjan

DIME-sprengjan (Dense Inert Metal Explosive) inniheldur lítinn hólk með volframi, zinki og tini sem borast af krafti í fórnarlambið.

Flechette

Sprengikúlur sem innihalda 5000 málmflisar sem eru hvassar eins og rakvélarblöð, og tæta allt lífandi í sundur á hundrað ferkólómetra svæði.

Hvítur fosfór

Hvítur fosfór veldur gríðarlegum sprengingum og stórum hvítum reykskýjum. Hitinn frá sprengingunum veldur stórum brunasárum á fólki. Verði manneskur fyrir fosfór étur hann sig af áfergu inn í þær og hann er krabbameinsvaldandi.

Sönnunargögnin gegn Ísrael

Nútímavopn

Samkvæmt Goldstone-skýslunni framkvæmdi ísraelski herinn aðgerðina „með háþrúðustu vopnum sem hann réði yfir og Ísraelsher fullyrti að það hefðu nánast engin mistök orðið“.

* Ísraelar brutu einnig gegn grundvallarsamþykktum þegar þeir „gerðu ekki greinamun á hernaðarlegum skotmörkum og öðrum skotmörkum“ og herafliinn var gjörsamlega „óháður hlutföllum“ – en Ísraelar vissu vel að skothríðin gæti „valdið umtalsverðri eyðileggingu og mannfalli“.

* Ísraelskt herlið hóf „beinar árásir gegn borgurum sem öllu dauða“.

* Hina tíðu „árásir á borgara stríddu gegn hefðbundnum þjóðarrétti á grundvelli mannúðarástæðna“ þar sem það var „ekki hægt réttlæta þær með því að vísa til hernaðarnauðsýnjar“ og þær voru framdar „ólöglega og að ásettu ráði“.

* Nefndin telur það líka stríðsglæpi að „eyðileggja innviði iðnarins, matvælaframleiðslu, vatns- og skólpkerfi og íbúðarhús“.

* Ísrael braut þjóðarrétt með því að „varpa sprengjum á íbúðarhús almennra borgara og beita kröftugu sprengiefni og hvítum fosfór, þar á meðal á skrifstofu Sameinuðu þjóðanna fyrir palestínska flóttamenn (UNRWA), sem hafði boðið á milli 600 og 700 borgurum húsakjól“.

* Ísrael braut einnig stríðslög með því að „ráðast vísitandi á og eyðileggja“ borgaralegar byggingar eins og PLC – palestínska þinghúsið á Gaza sem og helsta fangelsið þar.

* Ísraelsku hermennirnir „skutu á borgara sem þeir reyndu að yfirgefa heimilin sín til að komast á öruggari stað og veifuðu hvítum fánum“.

„Kerfisbundið tillitsleysi“

Í Goldstone-skýrslunni er ályktað að palestínsku lögreglumennirnir sem Ísrael drap þann 27. desember 2008 „hafi haft diplómátískt friðhelgi og þess vegna hafi Ísrael brotið alþjóðleg mannréttindalög“.

* Ísraelski herafliinn braut gegn alþjóðarétti með því að sýna kerfisbundið tillitsleysi í notkun sinni á hvítum fosfór og á svæðum í byggð og með því að „nota Palestínumenn sem mannlega skildi“.

* Ísrael leyfði ekki að særðir yrðu fluttir burt og meinaði aðgang að sjúkrahúllum.

* Aðvaranir Ísraels gegn íbúum svæðisins „geta ekki verið álitnar nægilegar“. Til dæmis er það „hættuleg iðja að varpa sprengjum efst á byggingar og er fremur

árás heldur en aðvörun“.

* Ísrael þrýsti líka á Palestínumenn sem voru teknir til fanga að „veita upplýsingar um Hamas, palestínskt andspyrnufólk og göng. Þetta brýtur gegn fjórða Genfarsáttmálanum“.

* Ísrael braut einnig gegn 27. málsgrein fjórða Genfarsáttmálans með því að „meðhöndla fanga á ómannúðlegan hátt“.

* Hin tveggja ára langa herkví á Gaza er samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna „hópfersing þar sem einangrun og fátækt eru hagnýttar“.

* Ísrael sviptir Palestínumenn, tekjum, húsnæði, vatni, ferðafrelsi og réttinum til að yfirgefa landið sitt og snúa til baka, sem samkvæmt skýrslunni er „glæpur gegn mannkyni“.

Vesturbakkinn

* Ísrael brýtur einnig stríðslög á Vesturbakkanum með því að skjóta alvöru kúlum og nota leyniskyttur til þess „að grafa á ólöglegan hátt undan friðsamlegum mótmælum“, stendur í skýrslunni.

* Ísrael brýtur einnig gegn Alþjóðasáttmálanum um borgaraleg og stjórn-málaleg réttindi (ICCPR) með því að setja Palestínumenn á Gaza og og Vesturbakkanum í varðhald án ákæru, sönnunargagna eða réttarhalda. „Þetta er ekki í samræmi við alþjóðalög“ er fullyrt í skýrslunni.

* Ísrael brýtur einnig gegn ICCPR með því að hafa hneppt fulltrúa á palestínska þinginu í varðhald og „hindra þá í að sinna embættisskyldum sínum“.

* Ísrael brýtur þjóðarrétt með því að reisa „auðmýkjandi eftirlitsstöðvar á Vesturbakkanum“.

* „Ísrael brýtur gegn fjórða Genfarsáttmálanum, málsgrein 46 með því að „rífa íbúðarhús á Vesturbakkanum“, lýkur Goldstone skýrslan orðum sínum.

Genfarsáttmálinn

Hægt er að fræðast nánar um Genfarsáttmálann og vernd almennra borgara á Vísindavefnum: <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=4780> og á heimasíðu Alþjóða Rauða Krossins: <http://www.icrc.org/ihl.nsf/a385ec082b509e76c41256739003e636d/6756482d86146898c125641e004aa3c5> (á ensku).

Þýðing: *Einar Steinn Valgarðsson*.

Á hálum Ís

Þetta er auðvitað allt dómaranum Richard Goldstone að kenna. Hann á sök á þessu, eins og öllu öðru slæmu sem við erum að lenda í núna. Hann á sök á vandræðunum sem við erum í hjá Sameinuðu þjóðunum, bæði í New York og í Genf. Á samsærinu um að færa bæði stjórnmála- og hernaðarleiðtoga okkar fyrir dóm í Haag. Á áframhaldandi erfiðleikum á milli okkar og Tyrklands. Á öllum þeim tilraunum sem fram fara víðsvegar um heim til að sniðganga Ísrael.

Nú á hann einnig sök á tilvistarkreppunni sem blasir við Mahmoud Abbas (Abu Mazen).

Þegar Goldstone-skýrslan var lögð fyrir framan mannréttindaráð SP, ákvað ríkisstjórn okkar að gera allt sem í hennar valdi stóð að koma í veg að skýrslan yrði einu sinni rædd.

Það voru auðvitað Palestínumenn sem heimuðu umræðuna. Þegar skýrslan var birt gerði talsmaður Palestínumanna í Genf hið augljósa: Hann heimaði umræður um skýrsluna með það fyrir augum að leggja hana fyrir Öryggisráðið, sem myndi þá vísa henni til Alþjóðlega sakamáladómstólsins í Haag.

Það sem á fylgdi næst hefði verið hægt að sjá fyrir. Ísraelska ríkisstjórnin þrýsti hart að Bandaríkjunum og Bandaríkin þrýstu þá um leið á Mahmoud Abbas. Abbas gaf eftir og skipaði talsmanninum í Genf að draga aftur beiðni hans um umræður.

Hefði málefnið verið annað, hefði þetta farið hljótt fram. En þar sem málefnið var stríðið á Gaza, urðu viðbrögð hjá palestínski alþýðu mjög hávær. Allt stríðið sá hver einasti Palestínumaður á Vesturbakkanum stríðshörmungarnar á hverjum einasta degi, já hverri klukkustund, á Al-jazeera og öðrum arabískum fréttastöðvum. Þar sáust sundirslitnir líkamar kvenna og barna, skólar og moskur í rústum og sprengjur með hvítum fosfór.

Fyrir Hamas-leiðtogana var skipun Abbasar um að draga beiðnina til baka eins gjöf frá Allah. Þeir réðust á Abbas af fullum krafti. „Svikari“, „samverkamaður“, „undirverktaki zionistamorðingjanna“ voru hófasamari nöfnin sem þeir kölluðu hann. Margir Palestínumenn bergmáluðu þessi viðhorf, þó þeir væru ekki endilega stuðningsmenn Hamas. Lagaleg staða

Abbasar er óljós. Samkvæmt einni útgáfu er kjörtímabili hans löngu lokið. En samkvæmt annari lýkur því eftir nokkra mánuði. Hver sem niðurstaðan er þá mun hann neyðast til að halda kosningar bráðum. Undir þeim kringustæðum getur hann ekki hunsað almenningsálit sem hefur orðið æ andsnúnara honum. Þar af leiðandi dró hann rökrétta ályktun og skipaði talsmanni sínum í Genf að endurnýja beiðni sína um að Goldstone-skýrslan yrði rædd. Því máli lauk í gær með ályktun um að vísa skýrslunni til allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Ríkisstjórn okkar hafði fengið nóg af þessu og brást reiðilega við. Fjölmíðla-sveitin sagði Abbas vera „vanþakklát-an“, jafnvel hræsnara. Hafði hann ekki, þrátt fyrir allt, hvatt Ísraela á meðan á Gaza-stríðinu stóð að efla árásirnar á íbúa Gaza, til að steypa Hamas? Þessi ásökun var sem olía á eldinn. Fyrir Palestínumenn merkti það að Abbas léti sér ekki nægja hörmungarnar sem Ísrael hafði látið dynja á íbúum Gaza, heldur heimtaði hann meiri. Það er erfitt að ímynda sér skaðlegri ásökun.

Eins og þetta hafi ekki verið nóg, þá tilkynntu fjölmiðlar Ísraels að Jerúsalem hefði sett palestínsku heimastjórninni „úrslitakosti“: Ef beiðnin um umræður væri ekki dregin til baka, þá myndi Ísrael ekki veita öðru palestínsku far-

símafyrirtæki, „al-Wataniya“ leyfi fyrir tíðni og því var bætt við hlakkandi að hluthafar fyrirkæsisins væru m.a. synir Abbasar. Slíkt leyfi er virði hundraða milljóna dollara. Jafnvel í þess konar máli eru Palestínumenn algjörlega háðir ísraelskum hernámsyfirvöldum.

Allt málið varpar skýru ljósi á þær ómögulegu aðstæður sem sem palestínsku yfirvöld standa frammi fyrir. Þau eru á milli steins og sleggju – í raun á milli nokkurra sleggja og steins.

Ein sleggjan er Ísraelar. Palestínsku yfirvöld eru algjörlega háð hernáms-herrunum. Eins og símamálið sýnir getur ekkert hreyfst á Vesturbakkanum án leyfis Ísraela.



Binyamin Netanyahu talar um „efnahagslegan frið“ í staðinn fyrir pólitískan frið. Efnahagskosti í stað þjóðfrelsis. Þetta sýnir annars hversu fjarlægur hann er kenningum átrúnaðargoðs síns, Ze'ev (Vladimir) Jabotinsky sem fyrir 85 árum síðan gerði grín að zion-istaleiðtogum fyrir þá talsýn að hægt væri að móta Palestínumönnum til friðs. Hann sagði að engin þjóð seldi sig fyrir efnahagsumbætur.

Forsætisráðherra palestínsku heima-stjórnarinnar, Salam Fayad, er þegar búinn að falla í þessa gildru. Hann bendir á framfarirnar sem hann segir hafa orðið á efnahagnum á Vesturbakkanum. Nokkrir vegatálmar voru fjarlægðir. Tilkomumikil verslunarmiðstöð var opnuð í Nablus. Fayad sagði að á innan við tveimur árum myndu Palestínumenn geta lýst yfir sjálfstæði. Hann hefur að engu þá staðreynd að ísraelski herinn, sem ræður í reynd ríkjum á hernámssvæðunum, getur stoppað allt þetta á augabragði. Vegatálmana er hægt að setja upp aftur og tvöfalda fjölda þeirra, það er hægt að setja útgöngubann í bæjunum

og rústa verslunarmiðstöðinni. Í raun gerir hver ný verslunarmiðstöð á Vesturbakkanum íbúana háðari velvild hernámsyfirvaldanna.

Önnur sleggjan er bandarísk. Palestínska heimastjórnin hefur ofan af fyrir sér með peningagjöfum frá Bandaríkjunum og félögum þess í Evrópu. Örrygisverðir Palestínsku yfirvaldanna eru núna þjálfaðir af bandarískum hershöfðingja, Keith Dayton. Washington kemur fram við Mahmoud Abbas rétt eins og við forseta Afhanistan, Hamid Karzai og forsætisráðherra Íraks, Nuri Kamal al-Maliki. Hann er „okkar tíkarsonur“. Hann er þarna eins lengi og það hentar okkur, hann hverfur þegar við sleppum honum.

Í deilum á milli Washington og Jerúsalem myndi Ramallah græða. En eins og Goldstone-ferlið sýnir, þá vinna Bandaríkin og Ísrael, samhliða, allavega sem stendur. Abbas hefur ekki aðra úrkosti en að dansa eftir tónlist hinnar ísraelsku flautu.

Steininn er Palestína. Eins og er, þá er palestínsku alþýða aðgerðalaus. Hún er þreytt, slitin, taugatrekt og ör-væntingarfull. En eins og Goldstone málið sýnir þá kraumar eldfjall undir yfirborðinu.

Talsmenn Hamas bera Abbas saman við Marskálkinn Petain, sem var frönsku stríðshetja í fyrri heimsstyrjöldinni og átrúnaðargoð fólksins og hersins. Í seinni heimsstyrjöldinni, þegar þýski herinn rústaði þeim franska í leiftursókn sem sló heimsbyggðina, leystist stjórnin í París upp. Á neyðarstund sinni kallaði fólkið eftir aldraða marskálknum, sem gafst upp fyrir Þjóðverjum til þess að bjarga því sem bjargað yrði. Hann var án nokkurs vafa franskur föðurlandsvinur.

Hitler virti marskálkinn og kom upphaflega vel fram við hann. Í u.þ.b ár, velti hann meira að segja fyrir sér að gera Petain að bandamanni sínum, fremur en Mussolini. Stór hluti Frakklands hélt áfram að vera „óhernuminn“, einskonar þýskt verndarríki, og þar var Vichy-stjórnin skipuð (nefnd eftir höfuðborg hennar). Bráðlega fóru málin hins vegar að versna og Petain varð algjör samverkamaður nasista og tók jafnvel þátt í útrýmingu gyðinga. „Vichy“ varð einskonar samnefni yfir landráð og eftir stríðið var Petain dæmdur til dauða. Þó var tekið tillit til glæstrar fortíðar hans og var dómurinn þannig minnkaður niður í lífstíðarfangelsi.

Ég held ekki að þetta sé sanngjarn samanburður. Ramallah er ekki Vichy. Khaled Mashaal í Damaskus er ekki de

Gaulle í London. En Vichy er einskonar aðvörðun og palestínsku yfirvöld eru á hálum Ís. Stjórn sem býr við hernám á alltaf á hættu að verða að samverkastjórn. Munnlegar árásir Hamas eru aðeins til að auka eymd Abbasar og bandamanna hans.

Upphafleg skipun Abbasar að hætta við beiðnina um að Goldstone-skýrslan yrði rædd hindraði líka tilraunir til að brúa gjána á milli palestínsku hreyfinganna.

Egyptar breiða nú út fréttir um innbyrðis sáttmála milli Palestínumanna og leka innihaldi hans. Það er erfitt að trúa því að eitthvað verði úr slíkum sáttmála. Hamas á að láta af einveldi sínu á Gaza og það er mjög erfitt að trúa að þeir geri það. Abbas á að fara á móti Hamas í frjálsum kosningum – þetta er líka mjög erfitt að ímynda sér. Það er enn erfiðara að trúa því að Bandaríkjamenn myndu taka áhættuna á því að leyfa slíkar kosningar. Þeir hafa þegar tilkynnt að þeir séu að reyna sitt besta til að koma í veg fyrir sættir.

Ísraelskir fjölmiðlar tilkynna hlakkandi að hatrið á milli Fatah og Hamas sé sterkara en hatur þeirra í garð Ísraels. Það er ekkert einsdæmi. Þegar við börðumst á móti bresku stjórninni í Palestínu fyrirskipaði David Ben-Gurion að bardagamenn Irgun yrðu framseldir í varðhald til bresku lögreglunnar og það var aðeins nánast ofurmannleg sjálfstjórn Menachem Begin sem kom í veg fyrir borgarastyrjöld. Írsku frelsisbaráttumennirnir drápu hvorn annan af miklum móð þegar Bretar buðu upp á málamiðlun. Slíkt hefur gerst víða.

Ef Palestínumenn þurfa að velja á milli Hamas og Fatah þá eru þeir ekki öfundsverðir. Hamas er álitin óspillt hreyfing, trú baráttunni gegn hernámi Ísraela. En höftin sem þeir eru nú að setja á Gazabúa, þá sérstaklega á konurnar, og byggjast á bókstafstrú, eru hræðileg í augum margra Palestínumanna. Palestínsku yfirvöld eru álitin spillt og samverkamenn, en þau eru jafnframt álitin eina hreyfingin sem geti fengið Bandaríkin til að styðja málstað Palestínumanna.

Í dag bjóða Hamas-liðar í reynd ekki upp á neinn annan kost, þar sem þeir viðhalda líka vopnahléi við Ísrael. Þó er vonin um að Abbas gæti fært frið að dofna.

Hvernig bregst ríkisstjórn okkar við þessu ástandi?

Sakleysingjar gætu sagt að Ísrael vilji eyða öfgahreyfingunni Hamas og styrkja hinn hófsamari Abbas, sem sé að vinna að friði við Ísrael. Það segi sig sjálf.

Ef svo er, hvers vegna er Ísraelstjórn þá að koma í veg fyrir að Abbas geti náð nokkrum pólitískum ávinningi, jafnvel táknrænum? Af hverju kallaði Ariel Sharon hann „reitna hænu“? Afhverju endurtaka ísraelskir fjölmiðlar á hverjum degi að Abbas sé „of veiklyndur til að semja frið“?

Hvað hindrar Netanyahu í að frelsa þúsundir palestínskra fanga sem látbragð fyrir Abbas, á meðan hann er að semja við Hamas um að fá látna lausa þúsundir fanga í staðinn fyrir hermänninn Gilad Shalit, sem tekinn var gísli? Af hverju setur hann Abbasi skilyrði sem yrðu Abbasi ekkert annað en pólitískt sjálfmorð hans ef hann féllist á þau (til dæmis að viðurkenna Ísrael sem „ríki gyðingaþjóðarinnar“)? Af hverju er stækka landtökubýggð á austur-Jerúsalem og á Vesturbakkanum á ógnarhraða fyrir framan nefið á Abbasi?

Stjórnmála- og hernaðarforystan í Ísrael eru ekki skipuð heimsku fólki. Því fer fjarri. Þegar hún gerir eitthvað með fyrrisjáanlegum afleiðingum, þá er hægt að búast við því að þetta séu niðurstöðurnar sem hún vill, jafnvel þegar hún heldur fram hinu gagnstæða. Þegar svona mikið af aðgerðum ríkisstjórnarinnar styrkir Hamas og veikir stöðu Abbasar, er það þá ekki þess vegna sem hún gerir þetta?

Abbas er sannarlega hættulegur núverandi stjórnarstefnu Ísraels. Hann nýtur stuðnings Obama forseta, sem þrýstir á Ísrael að hefja samningaviðræður um „tvö ríki fyrir tvær þjóðir“, sem hefur í för með sér að Ísraelar myndu draga sig frá Vesturbakkanum og fjarlægja flestar landtökubýggðirnar. Það myndi þýða endalok 120 ára útpenslu zionista og gjörbreyta eðli Ísraels.

Ef Hamas réði yfir öllum Palestínumönnum myndi það skjóta þessum „hættum“ í burtu. Þá væri enginn bandarískur þrýstingur um málamiðlun. Engin þörf á samningaviðræðum. Engin þörf á „að halda aftur af“ landtökubýggðum eða á málamiðlun varðandi Jerúsalem. Hernámið gæti haldið áfram algjörlega ótruflað.

Þetta gæti leitt til stórslyss í framtíðinni. En hverjum er svo sem ekki sama um framtíðina?

Höfundur er ísraelskur friðaraktivisti, fyrrum hermaður, blaðamaður og stjórnmálamaður. Hann hefur helgað langt líf sitt friðarbaráttu og er einn af meðstofnendum ísraelsku friðarsamtakanna Gush Shalom.

Þýðing: Einar Steinn Valgarðsson

Bloggað frá stærsta fangelsi heimsins

Eftir margra mánaða bið eftir leyfi frá Ísraelsstjórn hélt hópur Íslendinga til Gaza þann 18. maí 2009. Tilgangur fararinnar var að færa fötluðum Gazabúum gervifætur í kjölfar hinna miklu árása Ísraela yfir jól og nýár. Össur Kristinsson stoðtækjasmiður og hans fólk hafa hannað sérstaka gerð gervifóta fyrir fólk á svæðum þar sem aðstæður eru erfiðar og aðkallandi. Félagið Ísland-Palestína safnaði fé til kaupa á gervifótunum og alls voru keyptir 30 fætur. Á Gaza skrifaði ég nokkur blogg á Moggablogginu sem lýsa vel upplifun minni vikuna sem við dvöldumst á staðnum.

Bloggað á Gaza 21. maí
Ég er staddur á hóteli í Gazaborg og er að reyna að sundurgreina í huganum allt það sem ég hef upplifað hér á tveimur dögum. Í rauninni líður mér líkt og að heil vika sé liðin frá þeirri stundu þegar við gengum í gegnum fangelsismúra Ísraela inn í stærsta fangelsi heims. Hér býr 1,5 milljón manna við skort og stöðugan ótta við loftárásir. Í gær keyrðum við um hverfi þar sem fallbyssukúlur Ísraela féllu fyrir þremur dögum og í dag heyrðum við sprengingar og skothvelli og fréttum síðar að Ísraelar hefðu drepð tvo Palestínumenn.
Ég er, ásamt Ingvari Þórisssyni, að kvikmynda leiðangur til Gaza sem farinn er í þeim tilgangi að færa Palestínumönnum að gjöf 30 gervifætur sem félagið Ísland-Palestína heftur safnað fyrir undir forystu formannsins Sveins Rúnars Haukssonar.
Össur Kristinsson er með okkur hér ásamt þremur starfsmönnum sem sjá um að setja gervifæturna á og kenna Palestínumönnum tæknina.
Við erum búnir að ræða við heilbrigðisstarfsmenn hér og lýsingarnar á hörmungunum eru ótrúlegar. Við höfum einnig séð ljósmyndir af fórnarlömbum Ísraels-hers sem eru svo hroðalegar að það er ekki hægt að sýna þær opinberlega.
M.a. sjá afleiðingar nýrra vopna sem Ísraelar notuðu óspart. Þessi vopn eru hönnuð af slíkri grimmd að það er erfitt að trúa orðum læknanna sem tóku þessar myndir. En þær tala sínu máli.



Eftir Hjálmtýr Heiðdal

Þessi nýju vopn drepa ekki fórnarlambið í öllum tilfellum, en valda áverkum sem valda ævilöngum örkumlum. Þannig verður fórnarlambið stöðug áminning um vopnayfirburði Ísraela og verður jafnframt óvinnufær byrði á þjóðfélaginu.
Hátt í tvöhundruð manns þurfa gervifætur eftir árásirnar um jól og áramót.



Gazabúinn Hosni missti báða fætður í árásum Ísraela. Hér gengur hann sín fyrstu skref með nýjum gervifótum frá Össur Kristinssyni og félögum

Bloggað á Gaza 22. maí
Það getur verið erfitt að blogga á Gaza - rafmagnið fer nokkrum sinnum á dag. Það er ein birtingarmynd umsátursins því Ísraelar banna aðflutning á margvíslegum nauðsynjum. Meðal bannvöru er allt byggingarefni sem nota má til að endurreisa húsín sem þeir lögðu í rúst.

Palestínumenn eru ótrúlega þrautseigt fólk og úrræðagott. Til þess að sigrast á aðstæðum þá grafa þeir göng undir landmærin til Egyptalands og flytja mikið magn af allskonar varningi. Talið er að stundum séu allt að 300 göng í notkun samtímis. Ísraelski flugherinn varpar oft sprengjum til að eyðileggja göngin en Gazabúar grafa stöðugt ný göng. Það er lífshættulegt og við heyrðum sögur af fólki sem hefði dáið í göngum sem Ísraelum tókst að sprengja. Meðal þess sem er flutt um göngin dag hvern eru mörg þúsund lítrar af bensíni. Fólkið hér er mjög vinsamlegt og forvitið um okkur, enda ekki mörgum útlendingum hleypt inn í fangelsið til þeirra. Í gærkvöldi gengum við frá ströndinni heim á hótelið og stoppuðum í bakaríi. Þegar að við ætluðum að borga fyrir vörum þá sagði afgreiðslumaðurinn að þetta væri ókeypis. Þá var túlkurinn okkar búinn að segja honum hver við værum og þá sagði hann að þetta væri það minnsta sem hann gæti gert fyrir fólk sem væri hingað komið til að hjálpa Gazabúum.

Bloggað á Gaza 23. maí
Í dag hittum við nokkra sjómenn sem reyna að stunda sjóinn við strendur Gaza. Samkvæmt Oslóarsamkomulaginu eiga Palestínumenn 20 km. landhelgi sem þeir geta stunda sínar veiðar. Og hafa reyndar gert frá fornu fari.
Nú er svo komið að Ísraelar banna þeim að fara lengra út en 3 km – ef þeir hætta sér lengra er skotið á þá.
Samil er einn þeirra 3500 fiskimanna sem reyna að hafa lífibrauð af fiskveiðum. Nýlega skutu ísraelskir hermenn, sem dóla hér úti fyrir á herskipum, á hann og hann missti vinstri hendina. Hann var þá ekki kominn lengra en 2,5 km. frá landi. Hann getur lítið stundað sjómennsku á næstunni. Enda er það tilgangur Ísraela með sífelldum árásum á fiskimenn sem eru ekki að gera annað en það sem fiskimenn gera um allan heim.
Ísraelar vilja svelta fólkið á Gaza. Með því að banna þeim að fara lengra en 3 km frá ströndinni þá koma þeir í veg fyrir að þeir nái til gjöfulustu fiskimiðanna. Í höfninina í Gaza streymir skólp frá borginni. Hún er orðin þrælmenguð en Ísraelar koma í veg fyrir viðgerð á biluðu hreinsunarkerfi Gazabúa. Ísraelar eiga kannski eftir að sjá eftir þessu þar sem mengunin mun einnig berast til þeirra. Það er ekki langur vegur yfir til stranda Ísraels, maður sér yfir til þeirra með berum augum.



Sveinn Rúnarformaður félagsins Ísland Palestína, ræðir við Samil fyrrverandi sjómann. Ísraelar ráðast sífellt á fiskimenn sem hætta sér á miðin við Gazaströnd. Í einni slíkri árás missti Samil framan af hendi og er óvinnufær síðan.

Bloggað á Gaza 24. maí
Í dag fórum við um þau svæði á Gazaströndinni sem urðu verst úti í sprengjuárásum Ísraela. Við keyrðum lengi eftir götum þar sem ekkert var að sjá nema leyfar af húsum og verksmiðjum. Það eru stærðar svæði þar sem ekkert stendur eftir af heilu hverfunum. Sums staðar hafa íbúar eyðilagðra húsa slegið upp tjöldum.
Eldri kona gekk til okkar og sagði okkur með miklum tilprifum frá afdrifum fjölskyldu sinnar og eigna. Hún lýsti sök á hendur Bandaríkjanna sem stæðu á bak við Sionistana í Ísrael.
Það er greinilegt að sprengjuregn Ísraela hefur beinst að því að refsa fólkinu fyrir að vera Palestínumenn. Skipulagt dráp á búfenaði, vísvituh eyðilegging heimila og ýmissa bygginga sem hafa engann hernaðarlegan tilgang sýnir þetta skýrt.
Yfirlýst markmið Ísraela var að ráðast gegn Hamas.
Niðurstaðan er hinsvegar sú að Hamas-samtökin eru enn sterkari en áður og öll eyðileggingin að því leiti til einskis. Niðurstaðan er annaðhvort sú að ísraelsk stjórnvöld eru svona heimsk eða að tilgangurinn var allann tímann sá að hindra að almenningur á Gazaströndinni geti lifað því lífi sem allir kjósa sér ef þeir eiga frjálst val.

Bloggað á Gaza 25. maí
Nú er ferð okkar til Gaza á enda. Við erum komin í gegnum varðstöð Ísraela í Erez. Til þess að komast frá Gaza þarf

að fara í gegnum 11 hlið. Við vorum samferða tveimur Palestínskum konum, önnur háöldruð og hin með smábarn á handlegg. Hluti af aðferðum Ísraela miða að því að niðurlægja Palestínumenn.



Rústir á Gaza. Ingvar Þórisson tókumaður kvikmyndar eyðilegginguna. Ísraelar sprengdu mikið af húsum sem höfðu ekkert hernaðarlegt gildi eins og fram kemur í Goldstone skýrslunni.

Eftir að við höfum farið í gegnum landamæragæslu stjórnvalda á Gaza þá tekur við kílómeters löng ganga með allan farangur í steikjandi sólarhita.
Við fengum burðarkarla til að rogast með farangurinn að fyrsta hliðinu. Þar tekur við 500 - 700 metra langt búr. Við drógum töskurnar þann spöl og þar tók við hálf tíma bið í búi sem bauð ekki uppá neitt nema malbikað gólf og suð í

hátölurum. Þessi bið er eingöngu gerð til þess að gera fólkinu lífið leitt. Mjög lítil umferð er um þetta fangelsishlið og fáum hleypt í gegn, það er því ekki vegna anna sem allt tekur svo langan tíma.
Skyndilega opnast stálhurðir og þar er farangurinn setur á færiband. Eftir það er farið í glerbúr og þar fá menn að híma um stund. Loks er ferðalöngunum hleypt inn í annað glerbúr og þar næst opnast klefi þar sem hver og einn er skannaður frá hvírfli til ilja – skann1inn snýst í kringum mann og fyrirskipanir um að rétta upp hendur koma úr gjallarhorni. Það er engin manneskja sjáanleg en greinilegt er að einhver sér þig því þeir bregðast við hverri þinni hreyfingu.
Konan sem var með barn á handlegg þurfti að fara þrisvar inn í skannann með barnið. Röddin var ekki ánægð með eitthvað og loks kemur í ljós skraut sem tilheyrir höfuðbúnaði konunnar. Eftir að skönnun lýkur þá er gegnið í gegnum tvöfalt hlið og loks inn í herbergi þar sem taskan biður. Svo tekur við skoðun á töskum, næst er maður kominn í stærri sal og því næst kemur dvöl í litlu búi þar sem tveir landamæraverðir spyrja mikið um ferðina og tilgang hennar. Að lokum

þarf að ganga spöl að næsta hliði og þá er maður loksins kominn í gegn. Gamla konan komst í gegn en sú með barnið var send til baka.
En á Gaza eru 1,5 milljón manna enn innilokaðar við hörmulegar aðstæður.

Hvers vegna ég truflaði Olmert

Ef Ehud Olmert, fyrrum forsætisráðherra Ísraels, hefði einungis verið erindreki eða menntamaður sem hefði haldið fram umdeildri skoðun, þá hefði það vissulega verið tilraun til að hefta rökræður að trufla hann í ræðu sinni í Mandel-salnum í Chicago-Háskólanum þann 19. október (sjá grein eftir Noah Moskowitz, Meredyth Richards og Lee Solomon, „The Importance of Open Dialogue“, í tímaritinu *The Chicago Maroon*, þann 19. október 2009). Ég kynntist reyndar sjálfur þannig tilraunum þegar framkallarar trufluðu mig í sífellu í Mandel-salnum í janúar, þegar ég kom fram ásamt John Mearsheimer og Norman Finkelstein.

En ekki er hægt að líta það sömu augum og að standa í móti stjórnmálaleiðtoga sem er grunaður um stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni.

Skýrsla rannsóknarnefndar Sameinuðu þjóðanna, sem dómarinn Richard Goldstone fór fyrir og fjallaði um átökin á Gaza síðastliðinn vetur, úrskurðaði að Ísrael hafi meðvitað og af algjöru skefjaleyzi valdið gifurlegri eyðileggingu á borgaralegum eignum og innviðum, og vísvitandi valdið borgurunum þjáningum. Hún ályktaði að „atvikin og munstrið sem atburðirnir fóru eftir hafi verið orsök vísvitandi áætlana og ákvarðanna“ og geti talist til „stríðsglæpa“ og „glæpa gegn mannkyni“. Ef það reynist rétt, þá er Ehud Olmert sá einstaklingur sem ber mesta ábyrgð, en sem forsætisráðherra og æðsti borgaralegi yfirmaður Ísraelshers kom hann að nánast öllum þáttum skipulagningarinnar og framkvæmdarinnar.

Drápin á meira en 3000 Palestínumönnum og Líbönum meðan á þriggja ára valdatíma Olmerts stóð eru ekki bara skoðanaskipti sem hægt er að gagnrýna með kurteisislegru spurningu sem er skrifuð á minnisblað sem sá aðspurði fær að sjá fyrir fram. Þau eru glæpir sem Olmert þarf að svara fyrir gagnvart alþjóðalögum og almenningi.

Ólíkt Hamas (sem Goldstone ásakar einnig um stríðsglæpi) neitaði Ísrael alfarið að starfa með Goldstone-nefndinni. Í stað þess að sæta ábyrgð

er Olmert það ósvífinn að hann ferðast nú um Bandaríkin til að réttlæta þessa hroðalegu glæpi, fær væna þóknun fyrir erindin og er hylltur sem „hugrakkur“ stjórnvitringur.

Í tölvupósti sínum til háskólasamfélagsins í Chicago-Háskólanum, fordæmdu rektor háskólans Robert Zimmer og aðstoðarrektrorinn Thomas Rosenbaum „truflanir“ á ræðu Olmerts. „Sérhver höft á rökræðum“, skrifuðu þeir, „eru andstæð grundvallargildum Háskólans í Chicago og langvarandi stefnu okkar sem framvarðar menntafrelsis“.



Eftir Ali Abunimah

Var það til þess að efla rökræður að háskólinn krafðist þess að spurningar yrðu bornar undir Olmert fyrir fram og að skólinn meinaði nemendum og fjölmiðlum um upptökur? Mun háskólinn núna, í nafni fjárlsra rökræðna, bjóða Hamas-leiðtoganum Khaled Meshal – kannski í gegn um myndbandsupptöku – að halda fyrirlestur um stjórnsýslu fyrir nemendur skólans og skipa honum sérstakan heiðursess? Megum við fjöltlega búast við að Omar Bashir, forseti Súdan komi fram í Mandel-salnum?

Þegar ég og fleiri buðum Olmert byrgin með orðum, þá vorum við málsvavar menntafrelsis, mannréttinda og réttlætis, sérstaklega þeirra hundraða þúsunda nemenda sem aðgerðir Olmerts svipta sömu réttindum.

Í árás Ísraels á Gaza síðastliðinn vetur voru skólar, þar á meðal háskólar, helstu skotmörkin. Samkvæmt Goldstone-skýrslunni eyðilögðu eða skemmdu hernaðarárásir Ísraels að minnsta kosti 280 skóla og leikskóla. Alls voru 164 nemendur og 12 drepnir, og 454 nemendur og fimm kennarar særðust.

Eftir sprengjuárásirnar héldu Olmert og Ísrael áfram að ráðast gegn menntafrelsinu, þar sem þau leyfðu ekki menntagögnum að berast til Gaza. Stílabækur, minnsbækur, ritfæri og tölvur eru öll á bannlista. Í september bað Chris Gunness, talsmaður flóttamannaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna, Ísrael opinberlega að aflétta banni þess um að nemendurnir á Gaza, sem voru í áfalli, fengu bækur og önnur gögn.

Ísrael rústaði byggingum Íslamska háskólans og annara háskóla. Samkvæmt Goldstone-skýrslunni voru þetta „borgaralegar menntastofanir og nefndin fann engar heimildir um notkun þeirra sem hernaðarbækistöðvar eða nokkrar sannanir fyrir að þær hefðu hernaðarmikilvægi sem hefði gert þær að lögmætu skotmarki í augum Ísraelshers“.

Háskólanemar á Gaza – þar af eru 60% konur – leggja stund á allt það nám sem nemendur við Chicago-háskóla gera. Hvatir þeirra, metnaður og hæfileikar eru alveg jafn mikil, en þeir eru að kafna undan ótrúlegu ofbeldi, áföllum og herkví Ísraels, en hún er stríðsglæpur í sjálfu sér. Olmert er maðurinn sem fyrirskipaði þessar aðgerðir og það verður að sækja hann til saka fyrir það.

Glæpir gegn mannkyni eru skilgreindir sem „glæpir sem hrista samviskuna“. Þegar stofnanir sem bera þá siðferðislegu og lagalegu ábyrgð að refsar fyrir stríðsglæpi og fyrbyggja þá kjósa þess í stað að þegja algerlega um þá – eða, og það sem verra er, veita grunuðum stríðsglæpamanni skálkaskjól og kynna nemendum hann sem fyrirmynd í „stjórnsýslu“, þá er það siðferðisleg skilda að óhlýðnast því boði, ef það er það sem til þarf. Í stað þess að fordæma þá, þá ætti háskólinn að vera stoltur að því að nemendur hans voru meðal þeirra sem þorðu að andæfa.

Í fyrsta sinn í skráðri sögu þurfti forsætisráðherra Ísraels að sitja undir því opinberlega að nöfn fórnarlamba hans væru nefnd. Þetta var táknrænt skarð í múr refsileysunnar og vísir að því að því almenna réttlæti sem fórnarlömb Olmerts eiga rétt að sæta þegar réttað verður yfir Olmert.

Ali Abunimah er meðstofnandi vefritsins *The Electronic Intifada* og höfundur bókarinnar *One Country: A Bold Proposal to End the Israeli-Palestinian Impasse*. Þessi grein birtist upphaflega í *Chicago Maroon*, tímariti Háskólans í Chicago.

Þessi þrjú prósent

Þegar innrás Ísraelshers á Gaza-ströndina stóð sem hæst í upphafi þessa árs birtist skoðanakönnun um viðhorf Íslendinga til aðgerðarinnar. Sjötíu prósent aðspurðra voru andvígir, fjórðungur tók ekki afstöðu og þrjú prósent Íslendinga sögðust styðja Ísraelsher. Í samskonar könnun í Bandaríkjunum voru um fjórtíu prósent aðspurðra andvígir, nokkrum prósentustigum færri en þeir sem studdu innrásina. Áttatíu prósent Ísraela studdu árásina, samkvæmt skoðanakönnun.

Þrjú prósent er ekki neitt. Eða hvað? Ef marka má könnunina eru ríflega sex þúsund fullorðnir Íslendingar með skerta heimsmynd eða kal á hjarta. Þeir eiga sameiginlegt að trúa ýmist á Himnaríki eða Andríki.

Kristnir öfgamenn eru þekktir um allan heim fyrir að vera harðir stuðningsmenn hinnar „Guðs útvöldu þjóðar“. Sjónvarpsstöðin Omega lætur því ekki sitt eftir liggja og heldur úti vikulegum sjónvarpsþætti þar

sem áhorfendur eru leiddir um „sannleikan“ um Ísraelsríki, ágæti Sionisma og arabísku brjáðlingana í Júdeu og Samaría.

Hinn hópinn skipa hægirimenn sem gleyma að hugsa. Lepja þess í stað skoðanir Repúblikana í Bandaríkjunum. Þeir hugsa: Fyrst mínir mestu hugmyndafræðingar styðja Ísrael hlýtur að vera vit í að gera það líka. Þeir ættu að hugsa: Repúblikanar eru vitleysingar. Það á ekkert skylt við hugmyndafræði frjálsbyggju að styðja sionisma, þvert á móti gengur það gegn eignaréttinum.

Málöggn þeirra eru *AMX* – fremsti fréttaskýringavefur landsins og *Vef-Þjóðviljinn*. *AMX* birti mjög framúrskarandi fréttaskýringu þegar sláturtíð Ísraela á Gaza stóð yfir. Hún fjallaði um það hvað landnemar í nágrenni Gaza hefðu það bágt. Meðfylgjandi myndasýrpa var áhugaverðust. Birtar voru stakar myndir af öllum líkkestum landnema sem týndu lífi í átökunum.

Rachel Corrie

Framhald af bls. 23
háan aðskilnaðarmúr í kringum borgina. Meðan sjálfboðaliðarnir stóðu vörð um brunnana og reyndu að gera við var oft skotið á þá.

Rachel kenndi þeim palestínsku börnum, sem hún bjó hjá meðan á sjálfboðastarfinu stóð, ensku og þau kenndu henni arabísku. Hún horfði á teikni myndir með þeim og reyndi að dreifa athygli barnanna þegar hernaðarleg ógn stafaði að heimilunum. Þá vann hún að mótmælum í Raffha þann 15. febrúar 2003 gegn stríðinu í Írak. Hún hafði miklar áhyggjur af ástandi heimsins og því að Bush myndi ráðast inn í Írak – eins og raunin varð eftir dauða hennar. Hún reyndi að sannfæra fólk í Palestínu um að það væri ekki endilega vilji bandarísku þjóðarinnar að ráðast inn í Írak, heldur þjóðarleiðtoga. Eitt af helstu markmiðum Rachel var að koma á systrasambandi milli borgarinnar Rafah og heimabæjar síns, Olympíu.

Það var svo hinn 16. mars 2003 að

Öllum þremur! Enginn þeirra þrettán hundruð Palestínumanna sem féllu í valinn fengu mynd af sér á *AMX*. Nei, Palestínumennirnir í myndasýrpunni voru allir grímuklæddir og ógnvekjandi.

Á meðan kvartaði Vef-Þjóðviljinn yfir að fréttamenn RÚV minntust ekki einu orði á að Palestínumenn notuðu saklausa borgara sem skyldi í átökum við Ísraelsher. Blaðið gat ekki heimilda enda engar sannanir aðrar en afsakanir hermanna fyrir að stráfella saklausa borgara. Í skýrslu Amnesty International um átökin segir að engin dæmi hafi fundist um slíkan heigulskap Hamas-manna. Aftur á móti hafi Ísraelsher gerst sekur um að skýla sér bak við saklaust fólk.

Fleiri penna mætti týna til og slíkt verður vonandi gert eftir áratugi sem dæmi um málsvara mannvonsku. Það verður vandræðalegt fyrir þessi þrjú prósent.

Egilð Bjarnason

Palestínumönnum, Ísraelum, gyðingum, múslimum og kristnu fólki, öllum þeim sem höfðu það markmið að enda hernámið í Ísrael með friðsamlegum aðgerðum. Hún hafnaði öllum ofbeldisaðgerðum og barðist jafnt við hlið múslima og gyðinga.

Rachel Corrie vissi ekki enn hvað hún vildi taka sér fyrir hendur í lífinu eftir að dvölinni á Gaza lyki. Hún vissi það eitt að hún vildi upplýsa Bandaríkjamenn (helst allan heiminn í leiðinni) um ástandið, stríðsglæpina og mannréttindabrotin sem viðgangast á Gaza svæðinu.

Heimurinn þekkir Rachel Corrie út af dauða hennar en foreldrar hennar minnst hennar sem lifandi, listrænnar og hrifnæmrar stúlku. Nú halda foreldrar Rachel Corrie ótrauðir áfram baráttunni sem dóttir þeirra hóf. Þeir halda meðal annars uppi minningu hennar með því að efla samskipti Rafah og Olympíu.

Bréf frá Gaza

Kæri Mustafa.

Ég hef núna fengið bréfið sem þú sendir, þar sem þú segir mér að þú hafir gengið frá öllu nauðsynlegu til þess að gera mér kleift að dvelja með þér í Sacramento. Ég frétti líka að ég hafi verið tekinn inn í verkfræðideildina í Háskólanum í Kaliforníu. Ég verð að þakka þér fyrir allt, vinur minn. En það mun koma þér nokkuð undarlega fyrir sjónir þegar ég færi þér þessar fréttir – og vertu viss um það að ég hika ekki við þessa ákvörðun og er býsna öruggur um að ég hafi aldrei séð hlutina jafn skýrt. Nei, vinur minn, ég hef skipt um skoðun. Ég mun ekki fylgja þér til „lands grængróðursins, vatnsins og yndislegu ásjónanna“, eins og þú skrifaðir. Nei, ég mun vera hér og aldrei fara burt.

Mér þykir mjög miður að líf okkar muni ekki fylgja sama farveginum áfram, Mustafa. Því ég get næstum heyrt þig minna mig á hvernig við sórum að halda áfram saman, og hvernig við hrópuðum „Við verðum ríkir!“ En það er ekkert sem ég get gert, vinur minn. Jú, ég man ennþá daginn sem ég stóð í salnum á Kaíróflugvelli, þrýsti hönd þína og starði á óðan hreyfilinn. Á því augnabliki snerist allt í takt við hreyfilinn sem var við það að sprengja eyrun og þú stóðst fyrir framan mig, með bústið andlitið þögult.

Fyrir utan smáhrökkur hafði andlit þitt hafði ekkert breyst frá því þú varst að vaxa úr grasi í Shajiya-hverfinu á Gaza. Við ólumst upp saman, skildum hvorn annan fullkomlega og við lofuðum að fylgjast að allt til endaloka. En...

„Það er kortér þar til flugvélin leggur af stað. Ekki horfa svona út í bláinn. Hlustaðu! Þú ferð til Kúveit á næsta ári og leggur fyrir nóg af laununum þínum til að slíta þig frá Gaza og koma þér fyrir í Kaliforníu. Við höfum förina saman og verðum að halda áfram...“

Á því augnabliki var ég að fylgjast með vörum þínum sem hreyfðust ótt og títt. Þannig varstu alltaf vanur að tala, án þess að nota kommur eða punkta. En á undarlegan hátt fannst mér eins og þú værir ekki alveg sáttur við flugferðina. Þú gast ekki gefið neina almennilega skýringu á því. Ég fann líka fyrir þessum efa en skýrasta hugsun mín var: hvers vegna yfirgefum við ekki Gaza og flýjum? Hvers vegna ekki? Aðstæður þínar höfðu

þó farið batnandi. Menntamálaráðuneytið í Kúveit hafði veitt þér leyfi, þó ég hafi ekki fengið það. Í eymdarvolæðinu sem ég bjó við, þá sendir þú mér smávegis af peningum. Þú vildir að ég liti á þá sem lán, þar sem þú óttaðist að mér þætti þetta varpa rýrð á mig. Þú gjörþekktir fjölskylduaðstæðurnar mínar; þú vissir að smánarlaun mín við UNRWA skólana dugðu ekki til að sjá fyrir móður minni, ekkju bróður míns og börnunum hennar fjórum.

Eftir Ghassan Kanafani

„Hlustaðu vel á mig. Skrifaðu mér á hverjum degi... á hverri klukkustund... hverri mínútu! Flugvélin er rétt í þann mund að fara. Vertu sæll! Eða réttara sagt, þar til við sjáumst aftur!“

Kaldar varir þínar komu við vanga minn, þú snerir andlitinu frá mér og að flugvélinni, og þegar þú leist aftur á mig sá ég tárin þín.

Seinna veitti menntamálaráðuneytið í Kúvaít mér leyfi. Það er óþarfi að endurtaka fyrir þig í smáatriðum hvernig mér vegnaði þar. Ég skrifaði þér alltaf um allt. Tilvera mín var slepjuleg og hol að innan, eins og ég væri lítill ostra, týnd í þrúgandi einmanaleika, að kljást við framtíð sem var jafn myrk og náttmál, föst í rotnum viðjum vanans, að berjast við tímann. Allt var heitt og klístrað. Líf mitt í heild var á hálli braut og ég þráði sífellt að næsti mánuður kæmi.

Á miðju árinu, á því sama ári, vörpuðu gyðingar sprengjum á miðbik Sabha og réðust á Gaza, Gaza okkar, með sprengjum og eldvörpum. Sá atburður hefði getað breytt daglegum venjum mínum en ég gat ekki verið að gefa þessu gaum; ég ætlaði að yfirgefa Gaza og halda til Kaliforníu, þar sem ég gæti verið minn eigin herra, ég sem hafði þjáðst svo lengi. Ég hataði Gaza og íbúa hennar. Allt í þessari borg, sem var eins og hún hefði verið aflímuð, minnti mig á misheppnaðar myndir, málaðar í

gráum lit af sjúkum manni. Jú, ég myndi senda móður minni og ekkju bróður míns smávægilega fjárhæð til að hjálpa þeim að sjá fyrir sér, en ég myndi slíta þau bönd af mér líka, hin síðustu, í hinni grænu Kaliforníu, langt frá lyktinni af ósigri sem hafði fyllt nasir mínar síðustu sjö árin. Samúðin sem tengdi mig við börn bróður míns, móður þeirra og móður mína myndi aldrei nægja til að réttlæta hörmungar mínar við að steypa mér í þetta svað. Ég mátti ekki láta það soga mig dýpra niður en það hafði þegar gert. Ég varð að flýja!

Þú þekkir þessar tilfinningar, Mustafa, því þú hefur nú þegar upplifað þær. Hver eru þessi illskilgreinanlegu bönd sem tengdu okkur við Gaza sem drógu úr ákafa okkar að flýja? Hvers vegna brutum við það ekki til mergjar svo að það gæti gefið okkur skýra merkingu? Hvers vegna lögðum við ekki þennan ósigur og sárin sem honum fylgdu að baki og héldum áfram til móts við bjartari framtíð sem gæfi okkur dýpri huggun? Hvers vegna? Við vissum það ekki beinlínis.

Þegar ég fór í frí í júní og safnaði saman öllum föggum mínum, hlakkaði ég til að komast af stað og stíga skref í átt að öllu því smávægilega sem veitt getur lífinu gildi. Þá fannst mér Gazaborg vera sjálfri sér lík, eins og ég hafði alltaf þekkt hana, lokuð eins og það sem snýr inn á við í ryðgaðri snigilskel sem öldurnar hafa borið upp á klístrugu sandströndina við sláturhúsið. Gaza, þar sem þrengslin voru meiri en verða í huga sofandi manns í klóm hræðilegrar martraðar, þar sem eru þröngar götur með sinn sérkennilega þef, þef ósigurs og fátæktar, og hús með útskagandi svölum... þannig var Gaza! En hvað veldur því að maður dregst að fjölskyldu sinni, húsi sínu og minningum, eins og svöl uppspretta dregur til sín smáhóp af fjallageitum? Ég veit það ekki. Ég veit bara að ég fór að hitta móður mína í húsinu okkar þennan sama morgun. Þegar ég kom var kona bróður míns heitins þar og spurði mig, grátandi, hvort ég myndi verða að ósk dóttur hennar Nadiu sem lá slösuð á Gazaspítala og heimsækja hana þangað sama kvöld? Þekkirðu Nadiu, fallegu þrettán ára dótturina hans bróður míns?

Þetta kvöld keypti ég pund af eplum og lagði af stað á spítalann að heimsækja Nadiu. Ég vissi að það var eitthvað sem móðir mín og mágkona mín voru að leyna mig, eitthvað sem tungur þeirra máttu ekki mæla, eitthvað skrýtið sem ég gat ekki áttað mig á. Það var mér eðlilegt að elska Nadiu, eins og alla þá kynslóð sem



hafði verið alin upp við þvílíkan ósigur, sviptingu eigna og heimkynna að hún var farin að halda að hamingjusamt líf væri félagslegt frávík.

Hvað gerðist á þeirri stundu? Ég veit það ekki. Ég var mjög yfirvegaður þegar ég gekk inn í hvítmálað herbergið. Það er eitthvað við veik börn, sem minnir á dýrlinga, hvað þá þegar barnið er veikt vegna grimmilegra og sviðandi sára. Nadia lá á rúminu sínu, stór þúði studdi við bakið á henni og hárið hennar féll yfir hann eins og þykkur feldur. Í galopnum augum hennar ríkti algjör þögn og það glitraði sífellt á tár í djúpi svörtu augasteinanna hennar. Andlit hennar var kyrrt og rólegt en talaði til manns eins og andlit kvalins spámanns gæti gert. Nadia var ennþá barn, en hún virtist meira en barn, miklu meira og eldri en barn, miklu eldri.

„Nadia!“

Ég hef enga hugmynd um hvort það var ég sem sagði það eða hvort það var einhver annar fyrir aftan mig. En hún leit á mig og ég fann augu hennar bræða mig eins og sykurmola sem hefur dottidi í heitan tebolla. Ásamt veiklulegu brosinu hennar heyrði ég röddina hennar:

„Frændi! Varstu að koma frá Kúveit?“

Röddin brast í hálsi hennar, og hún notaði hendurnar til að reisa sig við og teygði hálsinn í átt til mín. Ég klappaði henni á bakið og settist nærri henni.

„Nadia! Ég færi þér gjafir frá Kúveit, fullt af gjöfum. Ég bið þangað til þú

getur yfirgefið sjúkrahúmið, þegar þér er fyllilega batnað og orðin heil heilsu, og þá kemurðu til mín og ég skal færa þér þær. Ég keypti handa þér rauðu buxurnar sem þú skrifaðir mér um og baðst mig um. Já, ég keypti þær.“

Þetta var lygi, sem spratt af þessum þrúgandi aðstæðum, en þar sem ég mælti þetta fannst mér ég í fyrsta sinn vera að segja satt. Nadia skalf eins og hún hefði fengið hræðilegt áfall, og laut höfði í hræðilegri þögn. Ég fann tárin hennar væta handarbak mitt.

„Segðu eitthvað, Nadia! Viltu ekki rauðu buxurnar?“

Hún leit upp til mín og virtist ætla að segja eitthvað, en hætti við, gnísti tönnum og ég heyrði röddina hennar aftur, sem kom langt að.

„Frændi!“

Hún rétti út höndina, lyfti hvíta lakinu með fingrunum og benti á fótinn, sem hafði verið fjarlægður við ofanvert lærið.

Vinur minn... ég mun aldrei gleyma fæti Nadiu, sem var fjarlægður við ofanvert lærið. Nei! Ég mun heldur ekki gleyma sorginni sem hafði greipt sig í andlit hennar og sameinast því að eilífu. Þegar ég yfirgaf Gazaspítala þennan dag kreptti ég þögull og í sjálfshæðni höndina um tveggja punda ávaxtapokann sem ég hafði ætlað að færa Nadiu. Logandi sólin fyllti göturnar blóðlit. Og Gazaborg var sem ný fyrir mér, glæný, Mustafa! Þú ég sáum hana aldrei þannig. Steinhleðslan á jaðri Shajiya-hverfisins, þar sem við

höfðum búið, tók á sig nýja merkingu og virtist hafa verið hlaðin einungis þess vegna. Það var eitthvað nýtt við þá Gazaborg þar sem við höfðum átt heima og varið sjö árum ósigurs með því góða fólki sem þar bjó. Mér fannst þetta einungis vera upphaf. Ég veit ekki hvers vegna mér fannst þetta bara vera upphaf. Ég ímyndaði mér að aðalgatan sem ég gekk eftir á leiðinni heim væri aðeins upphafið á löngum löngum vegi sem lægi til Safad. Allt hér í Gaza var undirlagt af sorg, sem einskorðaðist ekki við grát. Þetta var áskorun; meira en það, þetta var eins og að endurheimta fjarlægðan fót Nadiu!

Ég fór út á götur Gaza sem flóðu í blindandi sólarljósi. Þeir sögðu mér að Nadia hefði misst fótinn þegar hún kastaði sér yfir litlu bræður sína og systur til að verja þau fyrir sprengjum og logum sem höfðu læst klónum í húsið. Nadia hefði getað bjargað sér, hún hefði getað hlaupið burt, bjargað fætinum. En hún gerði það ekki.

Hvers vegna?

Nei, vinur minn. Ég mun ekki koma til Sacramento og ég iðrast þess ekki. Ég mun heldur ekki ljúka við það sem við höfum saman í bernsku. Þessi óljósa tilfinning sem þú fannst fyrir þegar þú yfirgafst Gaza, þessi smátílfíning verður að fá að vaxa og verða risastór djúpt innra með þér. Hún verður að vaxa og þú verður að leita hennar til að finna sjálfan þig, hér innan um hinar ljótu rústir ósigursins.

Ég kem ekki til þín. En þú, snúðu aftur til okkar! Komdu aftur til að læra af fæti Nadiu, sem var höggvinn af um ofanvert lærið, hvað það er að lifa og hvers virði tilveran er.

Komdu aftur, vinur minn! Við erum öll að bíða eftir þér.

Ghassan Kanafani(1936-1972)vareinn helsti rithöfundur Palestínumanna. Hann starfaði einnig sem blaðamaður, kennari og var talsmaður Alþýðuhreyfingarinnar fyrir frelsun Palestínu (PFLP). Þessi saga birtist upphaflega á arabísku árið 1956 og kom út á ensku í þýðingu Hilary Kilpatrick árið 1978 í safni smásagna eftir Kanafani og nefndist á því máli Men in the Sun eftir frægustu sögunni í bókinni. Íslensku þýðinguna vann ritstjóri þessa blaðs upp úr þeirri ensku.

Ghassan Kanafani var myrtur af útsendurum Mossad árið 1972, en þeir höfðu komið sprengju fyrir í bílnum hans. Frænka Kanafani, sem var með honum, fórst einnig.

Tvær skýrslur

Á þessu ári hafa verið ritaðar tvær víðamiklar skýrslur um Ísrael og framferði Ísraelagegn Palestínumönnum. Önnur skýrslan, kennd við formann rannsóknarnefndarinnar, Richard Goldstone, hefur hlotið töluverða umfjöldum víða um heim og var nýlega rædd á þingi Sameinuðu þjóðanna, þar sem óskað var eftir að öryggisráðið tæki hana fyrir, og jafnframt voru þjóðir heims hvattar til aðgerða. Goldstone skýrslan fjallar um stríðsglæpi í árásarstríði Ísraela gegn Gazabúum um s.l. jól og áramót. Hin skýrslan, sem var birt í maí á þessu ári, hefur ekki fengið sömu athygli umheimsins eftir því sem ég best veit. Þessi skýrsla ber heitið *Hernám, nýlendustefna og kynþáttastefna? – Endurmat á framferði Ísraels á hernumdum svæðum í ljósi alþjóðalaga*. Skýrslan er unnin í Suður-Afríku á vegum The Human Sciences Research Council (HRSC), en þeirri stofnun var komið á fót 1968 og fæst hún við rannsóknir í þágu ýmissa aðila um allan heim. Markmið HSRC er að stunda víðtækar rannsóknir á sviði félagsvísinda og opinberrarstefnumótunar. Áhugasamir lesendur geta nálgast skýrsluna á netinu: www.hsrc.ac.za/Document-3230.phtml (samantekt) og www.hsrc.ac.za/Document-3227.phtml (öll skýrslan). 19 sérfræðingar á sviði laga og stjórnmála, frá mörgum þjóðlöndum, tóku þátt í ritun skýrslunnar.

Ótvíræð niðurstaða
Upphaf rannsóknar HRSC á framferði Ísraela má rekja til skýrslu prófessors John Dugard, eftirlitsmanns Sameinuðu þjóðanna varðandi mannréttindi á hernumdum svæðum Palestínu. John Dugard varpaði fram eftirfarandi spurningu í skýrslu sinni:

Það er augljóst að Ísraelar hafa hernumið Palestínu. Jafnframt framfylgja þeir hernáminu með nýlendustefnu og kynþáttastefnu (apartheid) sem ganga þvert gegn alþjóðalögum. Hverjar eru lagalegar afleiðingar fyrir stjórnvöldin sem stjórna langdregnu hernámi með aðferðum nýlendustefnu og kynþáttastefnu og hverjar eru lagalegar afleiðingar fyrir hernámsríkið og önnur ríki?

Starfsmenn HRSC ákváðu að leita svara við spurningum John Dugard með því að rannsaka ítarlega ákvæði alþjóðalaga og kanna framferði Ísraela í ljósi laganna. Eftir 15 mánaða rannsóknir skiluðu sérfræðingarnir rúmlega 300 bls. skýrslu og niðurstaðan var ótvíræð: Ísrael er hernámsveldi sem framfylgir stefnu sinni að hætti nýlenduvelða og stundar kynþáttaaðskilnað og brýtur alþjóðalög sem ná yfir alla þessa þætti.



Eftir Hjálmtýr Heiðdal

Öllum ríkjum ber skylda til að vinna gegn framferði Ísraels
Í skýrslunni kemur fram að hernám er ekki ólöglegt skv. alþjóðalögum en aldrei er viðurkennt að það sé ástand sem skuli vara til langframa. Ef hernámsþjóðin nýtir sér landgæði hernuminnar þjóðar og framlengir frelsisskerðingu líkt og Ísrael hefur gert þá stangas það á við alþjóðalög. Fari eitthvert ríki fram með þessum hætti þá leggst sú lagaskylda á önnur ríki að viðurkenna ekki gjörninginn og má undir engum kringumstæðum veita hernámsríkinu stuðning. Ólíkt hernámi þá eru nýlendustefna og kynþáttastefna undir öllum kringumstæðum brot gegn alþjóðalögum.

Skylda annarra ríkja
Í skýrslunni er ritað: „Alþjóðalög varðandi nýlendustefnu og kynþáttastefnu eru ófrávíkjanleg, þau eru viðurkennd af alþjóðasamfélaginu án undanþágu.“ Þar kemur einnig fram að hvert einasta ríki er ábyrgt gagnvart öllum öðrum að ástunda ekki slík brot á alþjóðalögum. Það eru hagsmunir allra ríkja að þessum lögum sé fylgt, þau eru grundvallargildi fyrir öll samskipti ríkja. Ríki sem standa önnur ríki að því að

reka nýlendustefnu og kynþáttastefnu bera þrífættar skyldur; að vinna með öðrum ríkjum til þess að stöðva framferði brotlegs ríkis; að neita að viðurkenna hið ólöglega framferði; og að neita brotlegu ríki um alla aðstoð og stuðning. Niðurstöður rannsóknar HRSC á alþjóðalögum sýna að bæði Bandaríkin og Evrópusambandið brjóta gegn þessum lögum þegar þessi ríki veita Ísrael margvíslega aðstoð og eiga í samvinnu við hið brotlega ríki á mörgum sviðum.

Íslenskum stjórnvöldum ber að hefja aðgerðir
Ísland er ekki undanskilið alþjóðalögum og ber því sömu skyldur og önnur ríki í þessu máli. Samkvæmt niðurstöðum skýrslu HRSC ber íslenskum yfirvöldum að leggja til við önnur ríki að grípa skuli til aðgerða í þeim tilgangi að stöðva ríkið Ísrael sem beitir aðra þjóð kúgun og framfylgir nýlendustefnu og kynþáttastefnu auk hernáms. Hernámið er ólöglegt m.a. sökum þess að Ísraelar taka sífellt stærra svæði af hernumdu landi til eigin nota, með ólöglegum landtökubýggingum, með byggingu ólöglegs mýrs á landi Palestínumanna og yfirtöku vatnsréttinda sem tilheyra öðrum.

Friðarviðræður eru óhugsandi
Niðurstaða skýrslunnar sýnir hversu innantómt allt tal um friðarsamninga á milli Ísraela og Palestínumanna er í raun. Friðarviðræður geta aðeins átt sér stað milli aðila sem ganga til þeirra með það í huga að um eitthvað sé um að semja. En í tilfelli Ísraels er enginn alvara að baki þar sem þeir hafa ekki neina þá stefnu sem getur skilað mönnum í átt til friðar. Það getur aldrei ríkt friður þar sem kúgun er allsráðandi og þar sem hernámsveldi ástundar það leynt og ljóst að ræna landi annars aðilans og framfylgir jafnframt kynþáttastefnu þar sem þjóðir eru flokkaðar sem æðri og lægri.

Netfang félagsins er

palestina@palestina.is

Undir hernámi jafnast ekkert á við fagurt andspyrnuleikhús

Bernskan í Palestínu á sér flóknar rætur sem fólk í öðrum heims hlutum fær aðeins að kynnst í gegnum hrikalegar fréttir og myndir af hertekinni Palestínu. Palestínumenn horfast daglega í augu við alvarlega atburði í tengslum við uppreisnina gegn aðskilnaðarstefnu, hernámi og hústöfum Ísraelsmanna. Dauðinn er mörgum palestínskum börnum þráhyggja og á þverstæðukenndan hátt álíta þessi börn líkur sínar til að lifa mun minni en líkurnar á að deyja. Þau finna hvorki öryggi heima hjá sér né í skólanum eða úti á götu. Þau eru ekki einu sinni örugg í örmum mæðra sinna. Enginn verndar þau, skoðar myndirnar sem þau teikna eða hlustar á samræður þeirra. Teikningar þeirra og umræðuefni fjalla aðallega um píslarvotta, jarðarfarir og dauða. Þetta er þeirra daglega upplifun, þar sem þau verða reglulega vitni að dauða barna og ungs fólks heima hjá sér og á stöðum fjarri vígvellinum. Flest eru kyrrsett á heimilum sínum, sum með útgöngubanni, önnur vegna loftárása.

Það er augljóst að sex áratuga ágreiningur milli Palestínumanna og Ísraelsmanna hefur sáð fræjum haturs og hefndar í hjörtu fólksins á svæðinu, sérstaklega meðal yngri kynslóðarinnar. Í starfi mínu á sviði leiklistar með börnum og unglingum í Palestínu hef ég tekið eftir háu hlutfalli palestínskra barna sem glímir við áfallastreituröskun eftir að hafa upplifað hryllilega atburði í nánasta umhverfi sínu. Þessi áföll koma niður á andlegri heilsu og félagslegri hegðun þessara barna og þau eru ráðvillt og víta ekki hvernig þau eiga að kljást við hugsanir sínar og tilfinningar.

Sem leiklistarfræðingur sem starfar í palestínskum skólum hef ég í miklum mæli tekið eftir að nemendur hafa tilhneigingu til að leysa ágreiningsefni og önnur vandamál sín á milli með ofbeldi. Þar sem þekking ungra barna kemur aðallega frá foreldrum og fjölmíðlum, tengja palestínskir kennarar þessa tilhneigingu til ofbeldis við upplifun og reynslu barnanna að heiman þar sem umræðuefni fjölskyldurnar snýst gjarnan um HINA, sem hafa hertekið land þeirra og eignir, og þörfina fyrir að endurheimta

Eftir Mohammed Awwad

landið og eignirnar, hvað sem það kostar. Leiklistin með börnum í Palestínu byggist á því grundvallaratriði að barnið sjálft sé miðpunkturinn í því að vakna til vitundar. Leiklistin sem samskiptamiðill mun ekki ein og sér leysa vandamál barnsins gagnvart öðrum en getur aftur á móti nýst því sem verkfæri til að takast á við samskiptaörðugleika og menningarlegar hindranir milli sín og annarra. Eðli leiklistar sem samskiptamiðils er lykilatriði í leiklist með börnum. Leiklist má skilgreina sem hegðun eða atferli sem einstaklingur eða hópur miðlar til þess að eiga tjáskipti við aðra. Þátttakendur í leiklist geta valið um að nota líkamstjáningu, samtöl, einræðu eða tjáningu tilfinninga til þess að þróa þekkingu sína á hlutverkinu sem og umhverfinu. Að nota hreyfingar, að tala við aðra og sýna tilfinningar er hegðun sem við notum sjálf til að þroska sjálfsþekkingu okkar og til að eiga samskipti við aðra í kringum okkur. Leiklistin getur hjálpað ungu fólki til

að tjá þarfir sínar, koma vandamálum sínum í orð og tjá eigin sýn á málefni svo sem stríð og frið, ást og hatur, vald og yfirráð, o.s.frv. Í æskuleikhúsinu í Palestínu þurfum við að geta tileinkað okkur nýjar samskiptaleiðir og notfært okkur þær þegar við þurfum að takast á við tungumála- og menningarörðugleika okkar milli.

Mohammed Awwad er palestínskur leiklistarfræðingur, leikari og leikstjóri, fæddur í Betlehem. Hann hefur unnið að því að þjálfa ungmenni, áhugamenn, félagsþjónustufólk, sjálfbodaðila og háskólanema í leiklist. Hann sat einnig í stjórn Inad-leikhússins frá 2001 til 2005 og frá 2006 hefur hann setið í stjórn Alharah-leikhússins. Hann hefur starfað frá 2005 sem leiklistarkennari í St. Jósefsstúlnaskólanum. Hann gekk til liðs við palestínsku deild Alþjóðaverndar barna og bjó til trúðaleik fyrir börn á hernumdu svæðunum, en verkið var flutt hvarvetna í suðurhluta Palestínu, þar sem Awwad starfaði með þúsundum barna í hrjádum þorpum og flóttamannabúðum. Hann hefur hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín.

Þýðing: Ásgerður Jóhannesdóttir



Gaza:

Um stríð og stjórnmál

Snemma árs var utanríkis-
þjónustu Íslands tilkynnt að
ísrælskur ráðherra væri á leiðinni til
þess að „útskýra“ málstað Ísraels.
Ráðherrann, Össur Skarphéðinsson,
gaf skýrt svar: Slíkt væri ekki við
hæfi. Það sem Ísraelinn ætlaði að
„útskýra“ var kaldrifjað fjöldamorð
sem stóð í nokkrar vikur og kostaði
um fjórtán hundruð mannlíf og
þúsundir særðra. Þegar einhver
kemur og ætlar að „útskýra“ hvers
vegna það hafi allt verið nauðsynlegt
og rétt, þá er það sist of djúpt í árinni
tekið að kalla það óviðeigandi.

Innri ástæður

Hvað fær einn öflugasta og tækni-
væddasta her heims til að myrða fjórtán
hundruð manns á þremur vikum? Í
stuttu máli sagt: Ísrælsk innanríkismál.
Ríkisstjórn Ehuds Olmerts stóð tæpt
og á honum sjálfum stóðu spjót vegna
spillingar. Varnarmálaráðherrann Barak
og utanríkisráðherrann Tsipi Livni
kepptu um að taka við af honum, og
stjórnarandstaðan keppti við þau öll,
undir forystu Benyamins Netanyahu.
Olmert varð að beina átökunum frá sér,
út á við. Orð Carls von Clausewitz hafa
sjaldan átt eins vel við: Stríð er áframhald
stjórnmálanna með öðrum aðferðum.

Livni hafði tapað naumlega fyrir
Olmert í prófkjöri. Hún gagnrýndi hann
fyrir að vera of linur við Palestínumenn.
Netanyahu gagnrýndi hann stöðugt fyrir
að gefa þeim of lausan taum. Olmert var
í mun að sýna að svo væri ekki. Þar sem
þessi ógeðfellað keppni stóð yfir vantaði
bara átylluna til að láta til skarar skriða.
Nálægt miðju ári 2008 höfðu Hamas
lýst yfir vopnahléi og mjög hafði dregið
úr árásum. Í nóvember réðst Ísrælsk
sérsvait inn á Gaza og drap sex menn úr
öryggissveit Hamas. Hamassvöruðu með
því að skjóta rakettum á bæinn Sderot.
Ísraelar lokuðu þá landamærum Gaza
svo að segja algjörlega og 19. desember
tók vopnahléið enda. Ísraelar hófu árás
af fullum þunga 27. desember. Átyllan
var að stöðva þyrfti eldflaugaárásir, en
ástæðan var að ríkisstjórnin þurfti að
sanna miskunnarleysi sitt fyrir kosningar
10. febrúar. Í fyrstu lotu árásarinnar
var ráðist á lögregluskóla sem var að

útskrifa nemendur, og á sama tíma
voru grunnskólabörn á leið heim.
Blóðbaðið var hrikalegt, á fyrstu tveim
sólarhringunum týndu um 300 lífi og
hundruð hlutu örkuml. Þess má geta, að
heimatilbúnar raketttur Hamas-manna
urðu einum Ísraela að bana – í gagnárás,
eftir að stríðið var hafið.

Ytri kringumstæður

Á milli jóla og nýárs er slen yfir alþjóð-
legum fjölmiðlum, svo stríðið var vand-
lega tímasett. Í öðru lagi var George W.
Bush að hætta sem Bandaríkjaforseti
og Barack Obama átti að taka við 20.
janúar. Þar sem Ísraelar vissu að Bush
mundi styðja þá í hverju sem er, nema
ef til vill friðarviðræðum við Sýrland
eða Íran, þá vissu þeir að þeim væri
„óhætt“ að ráðast til atlgöu á meðan
hann sæti. Ekki treystu þeir hins vegar
allir Obama eins vel, svo þeir biðu ekki
boðanna. Þeirra maður í Hvíta húsinu
stóð sig eins og til var ætlast, varði,
afsakaði og studdi hvað sem var. Bush
og utanríkisráðherrann Rice sneru öllu
á hvolf: Kenndu lýðræðislega kjörnum
leiðtogum Gaza, Hamas-samtökunum,
um allt saman, sökuðu þau um valdarán
og gáfu til kynna að það yrði að koma
þeim frá völdum. Skilyrði fyrir friði væri
að leppur BNA og Ísraels, Mahmoud
Abbas, tæki við völdum. BNA komu líka
í veg fyrir að Öryggisráð SP samþykkti
áskorun um vopnahlé.

Obama og zionisminn

Ótti sumra zionista um tryggð Obama
virðist vera ástæðulaus. Nokkrar vísbend-
ingar um stefnu hans gagnvart Ísrael:

1. Ísrael hefði ekki farið í Gaza-stríð án
þess að ráðfæra sig við verðandi forseta



Eftir
Véstein
Valgarðs-
son

BNA. Hann hlýtur að hafa samþykkt það
þótt það hafi ekki verið opinbert. Þeir
hafa þá ekki valið tímasetninguna vegna
tortryggni í hans garð, heldur til að hlífa
honum við pólitískri ábyrgð. Hann er
líklega þakklátur þeim fyrir að fremja
illvirkin ekki á hans vakt.

2. Obama hefur ítrekað lýst stuðningi
við „rétt Ísraels til að verja sig“, meðal
annars í Líbanon-stríðinu 2006 og í
árásum á Gaza-strönd. Hann hefur líka
lýst því yfir að hann mundi aldrei gera
málamiðlanir með öryggi þess og mundi
halda áfram að styrkja það með milljörðum
dollara á ári í hernaðaraðstoð.

3. Hann hefur raðað zionistum í kring
um sig, t.d. Hillary Clinton og Rahm
Emanuel, sem bæði gagnrýndu Bush-
stjórnina á sínum tíma fyrir að styðja
Ísrael ekki nóg.

Þegar fréttamenn gengu á Obama
og vildu fá svör um skoðun hans á árás-
unum á Gaza, sagði hann að það væri
bara einn forseti í einu, og það væri ekki
við hæfi að hann væri að skipta sér af
með yfirlýsingum. Það er reyndar rétt að
halda því til haga, að þótt hann væri ekki
orðinn forseti gat hann samt lofað Wall
Street mörg hundruð milljörðum dala
vegna fjármálakreppunnar.

Með árásinni á Gaza var ísrælski
herinn ekki að nota síðasta tækifærið
til að niðast á lítilmagnanum meðan
herskár forseti væri við völd vestra. Þvert
á móti var árásin, með þegjandi samþykki
Obama-manna, taktískt tímasettur fyrir-
boði þess sem koma skal.

Alþjóðasamfélagið

SP brugðust yfirlýstu hlutverki sínu ger-
samlega, og ekki í fyrsta sinn. Kominn er
tími til að þær verði settar á forngripasafn,
viðhlið þjóðabandalagsmillistríðsáranna.
Nema það sé einfaldlega viðurkennt
að hlutverk þeirra sé að réttlæta
heimsvaldastefnu. Hræsnin sést vel á
tækifærisstefnunni sem ræður því hvað
er kallað „stríðsglæpur“ og hvað ekki.

ESB, og leiðtogar evrópskra ríkja,
hvöttu „báða aðila“ til að „halda aftur af
sér“. Í stríði þar sem um Ísraelar drepa
um 1400 manns og missa sjálfir 13 – ég
endurtek: þrettán – hljóma þessi deigu
hvatningarorð eins og grimm blanda af
skilningslausri heimsku, sálsýkislegri



eigingirni og huglausu úrræðaleyssi. Hér
á Íslandi hafði Össur drengskap til þess
að afþakka „útskýringar“ glæpamanna á
glæpaverkum, og sker sig fyrir vikið úr
hópi vestrænna starfssystkina sinna.

En hvað með leiðtoga Austurlanda?
Sádi-Arabar lýstu yfir stuðningi við að
„útsendarar Írans“ væru upprættir á
Gaza, og áttu þá við Hamas-samtökin.
Tækifærisinnaðir forsetar Írans, Sýr-
lands og Lýbíu fordæmdu árásirnar af
eigingjörnum hvötum og eigin pólitískum
hagsmunum, en fylgdu fordæmingunni
lítt eftir.

„Niður með Bush, Olmert og Mubarak!“

Það er óhætt að segja að Mubarak,
einræðisherra Egyptalands, hafi leikið
ógeðfellað hlutverkið af leiðtogum ar-
abarákjanna. Ríkisstjórn hans hefur tekið
fullan þátt í herkvinni um Gaza árum
saman. Þegar skelft fólk reyndi að flýja
yfir landamærin til Egyptalands, var tekið
á móti því með vélbyssum og það rekið
til baka í blóðbaðið.

Hamas hafa sagt að Cairo-stjórn hafi
vísitandi fullvissað þá um að engar
árásir stæðu til, fáum klukkutímum áður

en þær hófust. Fyrir vikið hafi byggingar
ekki verið rýmdar, óbreyttum borgurum
ekki komið undan, og manntjón því orðið
mun meira en ella. Bláðið al Quds al
Arabi, sem gefið er út í London, hefur
líka greint frá að leyniþjónusturáðherra
Egyptalands, Omar Suleiman, hafi varað
arabíska þjóðhöfðingja við því hvað
stæði til. Mubarak hefur lengi hatast við
Hamas-samtökin, en systursamtök þeirra
eru Bræðralag múslima á Egyptalandi,
sem honum sjálfum stafar ógn af.

Í ljósi alls þessa er ekki skrítið að
mótmæli þau gegn Gaza-morðunum,
sem efnt var til víða um Mið-Austurlönd,
beindust ekki síður að spilltum og þý-
lyndum ríkisstjórnunum heima fyrir,
heldur en sjálfu stríðinu. Er nema von
að alþýða manna í arabísku löndunum
spyrji hvers vegna ríkisstjórnir þeirra
aðhafist ekkert í málunum?

Palestínska heimastjórnin

Mahmoud Abbas, forseti Palestínsku
heimastjórnarinnar (PA), er æðsti leppur
zionisma og heimsvaldastefnu meðal
Palestínumanna. Hlutverk hans er að
halda þeim í skefjum svo zionistar geti
níðst á þeim í friði. Til skamms tíma
ræddu menn í alvöru hvort málin yrðu
leyst með tveggja-ríkja-lausninni eða
eins-ríkis-lausninni. Fyrirnefndu lausninni
heyrist æ sjaldnar hampað meðal Palest-
ínumanna og stuðningsmanna þeirra.
Hafi hún einhvern tímann verið æski-
leg eða möguleg, þá er hún hvorugt
lengur, og hafa Ísraelar séð kirfilega
fyrir því. Áætlanir þeirra um „sjálfstæða
Palestínu“ eru dystópísk afskræming á
hugtakinu: Afgirt eða innmúruð, aðskilin
smásvæði, undirokuð af Ísrael og stýrt af
palestínskum landstjórum, sundurskorin
af landtökubýggðum, vegatálmunum og
ísrælskum vegum, svipt öllum mögu-
leikum á að reka hagkerfi eða lífa með
reisn. Síðan á að þjóðernishreinsa
Ísrael sjálft, og smala arðunum þarna
inn. Inn í ísrælskar fangabúðir með
palestínskum fangavörðum. Ekki þarf að
fjölyrða um þessa framtíðarsýn, hún er
bara viðbjóðsleg. Og Abbas er maðurinn
sem á að hjálpa Ísraelum að framkvæma
hana.

Ísraelar töluðu af sér í Gaza-stríðinu,
þegar þeir sögðu í yfirlýsingu að fjöl-
da-morðin væru nauðsynleg til þess að skapa
skilyrði fyrir tveggja-ríkja-lausninni. Ef
frekari vitna þarf við, þá nefndu einhverjir
talsmenn PA það við ísrælska fjölmiðla,
að þeir litu á stríðið sem tækifæri til að

Framhald á næsu síðu.

endurheimta völdin á Gaza, ef zionistum tækist að steypa Hamas.

Libanon

Hizbollah-samtökin sigruðu ísraelska herinn eftir að hann hafði ráðist á þau í Libanon 2006. Ísraelar ætluðu að kenna þeim lexíu, gott ef ekki uppræta þau fyrir fullt og allt, en lærðu í staðinn sjálfir lexíu. Heimurinn fylgdist undrandi með hvernig máttug vígvél Ísraels tapaði fyrir vel skipulagðri skæruliðahreyfingu, og fórnarlömb Ísraels og aðrir andstæðingar þess fylltust nýrri von. Hassan Nasrallah varð um hríð óskoraður leiðtogi andófsins gegn zíonismanum. Hernaðarleg sjálfs-mynd Ísraela beið alvarlegan hnekki, og þrýst var á stjórn málaforystu þeirra að endurheimta hana með sigursælum hernaði. Hamas-samtökin voru nærtæk-asta skotmarkið. Eftir að Hamas höfðu hrundið valdaránstílaun Fatah á Gaza, vildu óvinir þeirra lækka í þeim rostann. Fyrir stolta Hamas-menn kann að hafa verið freistandi að bera sig saman við Hizbollah, en á þessum tvennum sam-tökum er mjög mikill munur, allt frá vopnabúnaði og mannafla til vígstöðu og bakhjarla. Þannig að þótt ísraelski herinn hafi tapað í Libanon, þá átti hann mun betri möguleika á Gaza. Markmiðið var í sjálfu sér ekki að „þurrka út“ Hamas – það er naumast hægt án þess að drepa beinlínis alla Palestínumenn – heldur að drepa nógu marga Hamas-menn til að veikja samtökin, til að Fatah gæti náð aftur fótfestu. Þótt Ísraelar hafi drepð mikinn fjölda Hamas-manna, þá tókst þeim ekki að lama samtökin. En það hefði hvort sem er ekki gagnast þeim mikið, því markmiðið er skammsýnt og heimskulegt: Því fleiri sem þeir drepa, og því fleiri sem þeir svipta lífsviðurværinu, þess meiri verða reiðin og órvæntingin og þess fleiri verða reiðubúinir til að grípa til vopna. Þetta skilja allir sem vilja. Ef Ísraelar vildu frið, þá mundu þeir byrja á honum sjálfir.

Áhrifin

Ef orsakirnar fyrir stríðinu eru í ísraelskum innanríkismálum, þá er rétt að skoða áhrif þess á þau. Tsipi Livni lýsti því yfir að ef hún yrði forsætisráðherra, yrði Hamas steyp't með hernaðarlegum, efnahagslegum og diplómáískum að-ferðum. Hún lét líka í það skína að við stofnun palestínsks „ríkis“ á hlutum Vesturbakkans, yrðu Palestínumenn bú-settir í Ísrael þjóðernishreinsaðir burtu. Palestínskt ríki yrði „þjóðernisleg lausn“ fyrir þá, og um leið gæti Ísrael áfram



haldið gyðinglegu og „lýðræðislegu“ yfirbragði sínu. Hún sagðist mundu til-kynna ísraelskum arðbum að þeirra þjóðernislegi metnaður „lægi annars staðar.“ Ástæðan er að þeir hafa mun hærri fæðingartíðni en ísraelskir gyðingar og munu verða fleiri en þeir innan fárra áratuga þótt þeir séu aðeins fimmtungur landsmanna nú.

Þessar berorðu hótanir Livni, sem sýna svo skýrt hvert Ísraelar ætla með „tveggja-ríkja-lausn“, voru viðbrögð við yfirlýsingu frá talsmanni Olmerts, Mark Regev, eftir ríkisstjórnarfund við upphaf árásanna: „Á ríkisstjórnarfundinum í dag var orka, tilfinning um að eftir að hafa haldið aftur af okkur allan þennan tíma, hefðum við loksins tekið við okkur.“ Það er í raun mjög lýsandi fyrir pólitískt ástand í Ísrael, að fjöldamorð á saklausu fólki með loftárásum og efnavopnum sé uppspretta „orku“ fyrir stjórnina.

Gaza-stríðið stóð í þrjár vikur, kostaði um 1400 mannslíf, þar af var meira en helmingur óbreyttir borgarar og um 300 börn. Enn fleiri munu bera örku ml. Eyðileggingin var gífurleg, heimsbyggðin slegin óhug. Morðingjarnir stilla sér upp sem fórnarlömbum, þótt mannfallið væri meira en hundraðfalt meira meðal Palestínumanna heldur en Ísraela, og reyna nú að hvítþvo sjálfa sig. Kalla fórnarlömbin jafnvel hryðjuverkamenn.

Zionisminn

Hryllingur, samúð og sorg eru eðlileg viðbrögð við fréttunum frá Gaza, en leysa ekki vandann. Það þarf pólitíska lausn við pólitísku vandamáli, heimsvaldastefnu og zíonisma. Þetta stríð er enn eitt merkið um pólitískt gjaldprot og kreppu zíonismans og Ísraels. Það verður að berjast fyrir réttlátum málalokum. Þjóð-ríki og þjóðernisstefna eru ekki hluti af lausninni, heldur vandamálinu. Tvö

ríki Ísraels og Palestínu verða ekki að veruleika hlið við hlið, Ísraelar hafa séð um það. Þótt Ísraelar og kvíslingar þeirra tali stundum um „friðarferli“, þá er ekkert friðarferli. Zionistar vilja ekki sambúð við Palestínumenn, hvorki friðsamlega né ófriðsamlega. Þeir vilja þá bara burt.

Þjóðernisstefna mun ekki leysa mál-in en það mun alþjóðleg samstaða gera. Spilltir stjórnámamenn munu ekki gera það, það mun enginn gera nema almenningur með samtakamætti sínum. Arabískar ríkisstjórnir sem þjóna heimsvaldasinum verða felldar í uppreisnum. Vesturlandabúar verða að sniðganga Ísrael eins og hægt er, m.a. pólitískt. Skilaboðin eiga að vera: Sá sem fremur eða styður morð á meðbræðrum sínum er ekki gjaldgengur í siðmenntuðum félagsskap. Þeir sem efna til ófriðar gæta annarlegra hagsmuna og eru réttnefndir óvinir fólksins.

Ísraelar verða að skilja að þótt þeir geti unnið flestar orrustur geta þeir ekki unnið langa stríðið. Líkt krossfarakastala í eyðimörkinni eru þeir vel búnir vopnum en dæmdir til að tapa. Ef ekki vill betur til gefast flestir upp og flytja burt. En stríð Ísraels gegn arðbum getur tekið endi með því að Ísraelar sættist á réttlæti. Og eins og spámaðurinn mælti: Ávöxtur réttlætisins verður friður.

Yfirlit yfir starfsemina

Framhald af baksíðu

víðar, sniðgönguaðgerðum, táknrænar mótmælaaðgerðum, haldið úti neyðar-söfnun og selt varning.

9. nóvember er dagur falls Berlínar-múrsins og hann markar einnig upphaf alþjóðlegrar samstöðuvíku. 29. nóv-ember ár hvert er svo alþjóðlegur sam-stöðudagur með Palestínu að frumkvæði Sameinuðu Þjóðanna og að því tilefni er félagið iðulega með menningardagskrá þessu tengdu. Þá eru dagsetningarnar 23. desember og 1. maí ár hvert kynn-ingar- og fjáröflunardagar, þá á sér stað söfnun í neyðarsjóði félagsins, sala á palestínskum varningi og starfsemin gerð sýnileg eftir megni.

Regluleg uppfærsla á heimasíðu fé-lagsins hefur legið niðri um hríð. Nú þegar fréttabréfið er komið út stendur til að gera bragarbót, uppfæra fræðsluefni og halda síðunni við. Fréttabréf verða áfram send á netföng félagsmanna.

Katrín Mixa tók saman.

Rachel Corrie

Í mars 2009 setti leikkonan Þóra Karítas Árnadóttir upp einleikinn *Ég heiti Rachel Corrie* (e. *My Name is Rachel Corrie*) eftir Alan Rickman og Katherine Viner, sem hefur hlotið mikla athygli. Einleikurinn byggir á lífshlaupi bandarísku stúlkunnar Rachel Corrie sem lést með vofeiflegum hætti á Gaza, aðeins 23ggja ára að aldri árið 2003, þar sem hún var að störfum með International Solitary Movement (ISM). Leikritið unnu Rickman og Viner upp úr tölvupóstum og dagbókum Rachel Corrie. Í tilefni sýningarinnar og þess að Corrie hefði orðið þrítug í ár það blaðið Þóru Karítas að segja aðeins frá henni:

Rachel Corrie fæddist í Bandaríkjunum þann 10. apríl 1979. Heimurinn þekkir hana vegna þess hörmulega atburðar sem átti sér stað árið 2003 þegar ísraelskur jarðýtuökumaður valtaði yfir hana þar sem hún tók þátt í friðsamlegum mótmælum í Rafah.

Þegar Rachel var 10 ára spurði vinur pabba hennar hvað hana langaði að verða þegar hún yrði stór. „Ég er skáld“, svaraði hún ákveðin. Orð voru henni heilög enda hafa dagbækur hennar og tölvupóstar frá Palestínu vakið mikla athygli. Eftir dauða hennar var heildarsafn dagbókarskrifanna gefið út og breski leikstjórinn og leikarinn Al-an Rickman og blaðakonan Katherine Viner unnu leikgerð upp úr dagbókarskrifunum. Verkið hefur vakið mikla athygli víða um heim; í Bandaríkjunum, Palestínu og víða í Evrópu.

Rachel Corrie var skáld. Hún tjáði í dagbókum sínum, sem hún skrifaði markvisst frá tíu ára aldri, þessa þörf sem hún hafði fyrir að skrifa og skapa. Þörfina á að setja hugmyndir sínar í orð og festa þau á blað. Einnig elskaði hún að teikna og bjó frá unga aldri til skopteikningar af vinum sínum og sögur um teikningarnar. „Ég höndla ekki kraftinn í þessum villtu tilfinningum. Ég verð að finna leið til að deila þeim með öðrum og þess vegna skrifa ég. Ég bara verð. Það er eins og að vera með eldfjall inn í sér“.

Rachel var einnig náttúrubarn. Hún tengdist náttúrunni, dýrum og fólki þannig að hún upplifði allt sem eina heild – allt sem hluta af sjálfri sér – eins og hún væri hluti af öllu.



Hún hafði líka áhuga á pólitík og fór að starfa með ungliðahreyfingum í heimalandi sínu áður en hún hélt til Palestínu árið 2003. Hún hafði komist í kynni við ísraelska konu í Bandaríkjunum sem hafði átt fjölskyldu sem lifði af helförina. Þessi ísraelska kona barðist gegn hernámi Ísraela í Palestínu og í kjölfarið fór Rachel að kynna sér átök Ísraela og Palestínumanna. Hún einsetti sér að læra arabísku og fór að safna sér fyrir ferð og skipuleggja líf sitt í kringum sjálfböðaliðastarf í Palestínu. Hún kynntist sjálfböðaliðum í Bandaríkjunum sem höfðu starfað á Vesturbakkanum og komst í kynni við ISM-sjálfböðaliðahreyfinguna sem viðhefur friðsamleg mótmæli á Vesturbakkanum.

Þegar Rachel var að leggja af stað til Palestínu hringdi pabbi hennar í hana og sagði við hana: „Rachel, þú veist að þú þarft ekki að fara. Það ásakar þig enginn

ef þú ákveður að hætta við“. „Ég veit það, pabbi“, svaraði Rachel, „og ég er mjög hrædd, en ég held að ég geti gert þetta og ég veit að ég verð að reyna“. Pabbi hennar hefur sagt að eins mikið og hann langaði að banna henni að fara þá hafi hann ekki getað fengið af sér að biðja dóttur sína um að vera eitthvað annað eða minna en hún var.

Þegar Rachel kom til Rafah lenti hún mitt í heimi skriðdreka, jarðýtna, eftirlitsturna og leyniskyttna, eyðilagðra húsa, og riasastórs aðskilnaðarmúrs sem var verið að byggja við landamæri Egyptalands. Aftur á móti hitti hún líka fyrir fólk og fjölskyldur sem veitti þessu öllu friðsamlegt viðnám með því einfaldlega að lifa af einn dag í einu og reyna að láta ástandið ekki á sig fá eða hafa áhrif á sitt daglega líf. Í gegnum þennan heim hélt Rachel áfram að skrifa og nú skrifaði hún bréf til mömmu sinnar og pabba heima í Bandaríkjunum. Hún gerði sér grein fyrir því að hún væri á hættusvæði og þegar hún hringdi heim hljómaði hún óttaslegin. Pabbi hennar sagði að hún hefði oft spurt “Heyrirðu þetta?” og hafi þá átt við sprengjuhljóðin sem féllu fyrir utan húsið sem hún bjó í.

Hún starfaði við að standa vörð um vatnsbrunna og koma í veg fyrir eyðileggingu á palestínskum heimilum, en þeim átti að rústa fyrir tíu metra

Framhald á bls. 15



Málgagn Félagsins Ísland-Palestína
1. tbl. 20. árg. – Nóvember 2009
Ritstjóri: *Einar Steinn Valgarðsson*
Ritstjórn: *Hjálmtyr Heiðdal og Katrín Mixa*
Útlit og umbrot: *Haukur Már Haraldsson*

Stjórn Félagsins Ísland-Palestína:
Sveinn Rúnar Hauksson, formaður
Borgþór S. Kjærnested, varaformaður
Eldar Ástþórsson, gjaldkeri
Katrín Mixa, ritari
Einar Teitur Björnsson, sölustjóri
Egill Bjarnason, sjálfbóðaliðastjóri
Anna Tómasdóttir, neyðarsöfnunarstjóri
Sema Erla Serdar, viðburðastjóri
Hjálmtyr Heiðdal, kynningarstjóri
Yousef Tamimi, sniðgöngustjóri

Aron Björn Kristinsson, Einar Steinn Valgarðsson, Haukur Sveinsson og Lára Jónsdóttir.

Póstfang:
Félagið Ísland-Palestína
Depluhólar 9, 111 Reykjavík
Sími: 895 1349
Heimasíða: www.palestina.is
Netfang: palestina@palestina.is

Yfirlit yfir starfsemi félagsins frá síðasta tölublaði

Síðasta tölublað Frjálsrar Palestínu kom út í júní 2008. Erfitt árferði er meginástæða þess að ekkert blað hafi komið út í millitíðinni. Engu að síður er stefnt að því að gefa út tvö tölublað á ári framvegis, svo sem oftast hefur verið.

Útifundur var haldinn 30. desember 2008 til að mótmæla blóðsúthellingum á Gaza. Fundarstjóri var Gylfi Arnbjörnsson forseti ASÍ og ræðumenn Ögmundur Jónasson formaður BSRB, María S. Gunnarsdóttir formaður Menningar- og friðarsamtaka íslenskra kvenna og sr. Örn Bárður Jónsson sóknarprestur.

Þá var boðað til fjölmenns samstöðufundar í Háskólabíói þann 18. janúar 2009 undir yfirskriftinni „Þjóðarsamstaða gegn fjöldamorðunum á Gaza“. Fundarstjóri var Arnar Jónsson leikari og ræðumenn Guðfríður Lilja Grétarsdóttir,

Jóhanna K. Eyjólfssdóttir frkvstj. Íslandsdeildar Amnesty International, Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur og Össur Skarphéðinsson ávarpaði fundinn. Fram komu einnig Barnakór Kársness, Hulda Björk Garðarsdóttir, Steinunn Birna Ragnarsdóttir, Trio Nordica, Lay Low og Svavar Knútur. Þann 15. apríl 2009 var aðalfundur Félagsins Ísland-Palestína haldinn í Norræna húsinu. Þá voru flestir endurkjörnir í stjórn en nokkrir nýir tóku sæti og verkaskipting var mótuð í kjölfarið. Þetta starfsár er stjórnin óvenju fjölmenn, en hún er skipuð fjórtán manns. Smám saman hefur myndast það fyrirkomulag að stjórn ákveði fyrirfram eftir megni hvernig hún skipti með sér ábyrgðarverkum, þannig hefur tekist að gera starfsemina markvissari og álagið dreifðara.

Sumarið 2009 gaf starfshópur Össurar ehf. vinnu sína til Gazaferðar, til að smíða gervilimi handa fólki sem misst hefur útlími í jarðsprengjum. Áfram verður haldið með það spennandi verkefni og vonir bundnar við áframhaldandi samstarf. Aðrir Íslendingar sem farið hafa til Palestínu til sjálfbóðastarfa á vegum félagsins eru: Einar Teitur Björnsson, Stefán Ágúst Hafsteinsson, Aron Björn Kristinsson og Gunnar Pétursson, Anna Tómasdóttir, Yousef Ingi Tamimi, Björg Árnadóttir og Linda Ósk Árnadóttir.

Eins og hefð er fyrir hefur félagið einnig staðið fyrir margvíslegum öðrum uppkomum, svo sem ljósmynda- og kvikmyndasýningum, hátíðinni Matur og menning í október, skipulögðum fræðsluerindum í framhaldsskólum og Framhald á bls. 22

Samstöðufundur með Palestínu

Alþjóðlegur samstöðudagur með palestínsku þjóðinni er haldinn að undirlagi Sameinuðu þjóðanna þann 29. nóvember ár hvert.

Dagskrá verður í Norræna húsinu á sunnudaginn og hefst kl. 15:

Ávarp dagsins: **Ögmundur Jónasson** alþingismaður

Björn Thoroddsen og félagar í **Guitar Islandicio** flytja nokkur lög

Anna Tómasdóttir hjúkrunarnemi flytur erindi og sýnir myndir: **Mannréttindabrot í skjóli meints öryggis. Reynsla sjálfbóðaliða í hertekinni Palestínu.**

Félagar eru hvattir til að fjölmenna og taka með sér gest

Viðtakandi:

